

Stúdentaráðsfundur 23 nóvember 2009

kl 13:00 í HT300

Viðstaddir fundinn: Aðalbjörg Ósk Gunnarsdóttir (Vaka), Hildur Björnsdóttir (Vaka), Sigrún Ingibjörg Gísladóttir (Vaka), Ingólfur Birgir Sigurgeirsson (Vaka), Atli Bjarnason (Vaka), María Finnsdóttir (Vaka), Sigrún Magnea Þráinsdóttir (Vaka), Inga Lára Björnsdóttir (Vaka), Jóhann Már Helgason (Vaka), Jens Fjalar Skaptason (Vaka), Þórhildur Baldursdóttir (Vaka), Bergþóra Benediktsdóttir (Röskva), Dagný Ósk Aradóttir (Röskva), Þórunn Elísabet Bogadóttir (Röskva), Sigurbjörg Elín Hólmarsdóttir (Röskva), Sigurður Kári Árnason (Röskva), Þorleifur Örn Gunnarsson (Röskva), Þórhalla Rein Aðalgeirsdóttir (Röskva), Brynjar S. Hermannsson (Röskva) og Björg Magnúsdóttir (Röskva).

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Lög um opinbera háskóla - Háskólaþing
3. Kosning um túlkun á lögum SHÍ
4. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar. Athugasemdir leiðréttar í fundargerð.

2. Lög um opinbera háskóla - Háskólaþing. Sigurður Kári hefur rætt við menntamálaráðherra, Katrínu Jakobsdóttur varðandi lagabreytingu svo fulltrúarstúdenta á Háskólaþingi muni sitja í 2 ár í stað 1 árs líkt og löggin gera ráð fyrir í dag. Sigurður ætlar í lok fundar að dreifa undirskriftarlista sem allir Stúdentaráðsliðar þurfa að undirrita og afhenda svo menntamálaráðherra. Þá ættiað vera lítið mál að fá lögnum breytt.

3. Kosning um túlkun á lögum SHÍ. Hildur fjallar um síðasta stjórnarfund SHÍ þar sem ákveðið var að færameirihluta fjölskyldunefndar aftur til Vöku. Upp frá því hefðu skapast deilur um túlkun á lögum SHÍ hvað varðar slíka breytingu á nefndarskipan og þætti því heppilegast að kjósa um það innan Stúdentaráðs hvernig túlka bæri löggin. Sigurður Kári óskar eftir að fá að tjá sig um þennan dagskrárlið. Hann stígur í pontu og heldur tölu um lögskýringar. Telur óeðlilegt að kosið sé um túlkunlaga. Hildur segir að þegar upp komi ágreiningur milli fylkinga um túlkun laga þá sé engin önnur leið fær en að kjósa um ágreininginn. Þetta sé undarlega staða og víti til varnaðar fyrir ráðið, þyrftum mögulega að setja okkurskýrari lög. Hildur leggur til að Röskva kynni sinn skilning á lögnum, Vakakynni svo sinn skilning og að lokum verði efnt til kosninga um málið. Sigurður Kári kynnir skilning Röskvuliða á lögum SHÍ sem í hnotskurn felur það í sér að óheimilt sé að breyta nefndarskipan nema kosið sé sérstaklega um það innan Stúdentaráðs. Sigrún Ingibjörg kynnir svo skilning Vökuliða sem í hnotskurn felur það í sér að upphaflega hafi meirihluti í fjölskyldunefnd verið veittur Röskvuliðum á stjórnarfundum og því þætti eðlilegast að hann yrði

afturkallaðurá sama vettvangi. Hildur segist vera tilbúin til að fara málamyndaleið, kjósaekki um túlkun laga heldur vísa því til stjórnar SHÍ að kjósa um nýjafjölskyldunefnd. Kosið er um tillögu Hildar og hún einróma samþykkt affulltrúum fundarins.

4.Önnur mál.

* Þórunn Elísabet leggur til að María Lindfái að ávarpa fundinn. Hildur gefur leyfi til þess. María leggur fram fjöldaspurninga, Hildur óskar eftir að fá þær sendar svo Vökuliðar geti svarað þeimöllum og gefið í kjölfarið skriflega skýringu á ákvörðun meirihlutans um aðendurheimta fjölskyldunefnd.

* Þórunn Elísabet leggur fram bókun. *ATH(Ritari hefur óskað eftir að fá bókunina senda átölvupósti en ekki hefur borist svar við þeirri beiðni. Bókunin hefur því ekkienn verið færð í fundargerð).

* Þórunn Elísabet kemur með athugasemdvarðandi tímasetningu fundarins, segir að ákveðið hafi verið á stjórnarfundi aðhafa fundi ráðsins alltaf seinni partinn svo fólk geti sótt tíma. Hildur segir að hér hafi verið um undantekningarfund að ræða sem ómögulega gat verið haldinnseinnipartinn í ljósi annarra funda á vegum ráðsins. Næstu Stúdentaráðsfundirmuni þó vera boðaðir samkvæmt samkomulagi fylkinganna, þ.e. seinnipartinn,þegar þess gefst kostur.

* Sigurður Kári leggur framundirskriftarlistann sem rætt var um í dagskrárlíð 2. Allir Stúdentaráðsliðarundirrita hann ásamt yfirlýsingu sem lögð verður fyrir menntamálaráðherra.

* Sigurður Kári tilkynnir aðlagabreytingarnefnd muni leggja fram lagabreytingar á næsta fundi ráðsins.

Stúdentaráðsfundur 10. nóvember 2009 kl 17:00

HT300Háskólatorgi

Mættir eru: Arnþór Gíslason (V), Atli Bjarnason (V), Hildur Björnsdóttir (V), ÍrisGunnarsdóttir (V), Jens Fjalar Skaptason(V), Jóhann Már Helgason (V), Kristján Freyr Kristjánsson (V), María Finnsdóttir(V), Sigrún Ingibjörg Gísladóttir(V), Þórhildur Baldursdóttir (V).

Bergþóra Benediktsdóttir (R), Bergþóra Snæbjörnsdóttir(R), Elín Ósk Helgadoúttir (R), Halla Tryggvadóttir (R), Sigurður Kári Árnason (R), Gabríella UnnurKristjánadóttir (R), Þorleifur Ö. Gunnarsson (R), Þórunn E. Bogadóúttir (R),Haukur Hólmsteinsson (R).

Dagskrá:

1. Fundargerðsíðasta fundar

2. Innovit
3. Update afskrifstofu
4. Janúar ogjúnípróf
5. JafnréttisnefndSHÍ
6. Strætómálin
7. Rafrænarkosningar
8. 1. Desember
9. Greiningarsjóður
10. Önnurmál

Fundur hafinn kl 17:00

1. Fundargerðsíðasta fundar. Nokkrar athugasemdir. Bergþóra Snæbjörnsdóttir ítrekargagnrýni frá síðasta fundi, þarf ekki að koma fram allt það sem fólk segir nema það óski sérstaklega eftir að orð sín verði bókuð í fundargerð. Þarf ekki aðskrá niður alla umræðu nákvæmlega. Þessa umræðu vantar inn í síðustufundargerð. Hildur er ósaamála þessum athugasemdum, telur jákvætt að hafafundargerðir ítarlegar, bæði fyrir fólk sem vill kynna sér fundi ráðsins á student.is og einnig til heimilda. Bergþóra Snæbjörnsdóttir leiðréttir fundargerð hvað varðar umræðu um samstarf milli Am Events, SHÍ og félagslífsnefndar fyrir Októberfest. Einnig óskar hún þess að umræða um afföllog þjófnað á barnum verði tekin úr fundargerð. Bergþóra Snæbjörnsdóttir gerir athugasemd við innskot í fundargerð um auglýsingar á Stúdentaráðsfundum, segirekki rétt að allir fundir hafi verið auglýstir nema 13. október. Hildur leiðréttir þetta, segist hafa farið vandlega yfir fréttalista student.is og fundið allar auglýsingar utan þá sem vantaði 13. október. Bergþóra Snæbjörnsdóttir segist þó mjög ánægð með auglýsinguna fyrir fundinn í dag. Hennar athugasemdum er lokið. Elíner ánægð með uppsetningu síðustu fundargerðar. Mætingarlista vantar inn.

2. Innovit kynning. Kristján Freyr Kristjánsson er með kynningu frá Innovit. Kom með nokkrar ársskýrslur frá félaginu. Rennur hratt yfir stutta kynningu. Vettvangur fyrir háskólanemendur í HÍ og víðar - ef nemendur fá hugmynd að fyrirtæki þá er hægt að leita til Innovit og þeir veita aðstoð og ráðgjöf. Hefur verið að hitta stúdentaráð hjá öðrum skólum - fá ráðin í samstarf til að kynna starf Innovits. Í HÍ vita færri um Innovit. Eru með aðstöðu í Dunhaga og aðstöðu fyrir nemendur. Segir frá Gullegginu, nýsköpunarsamkeppni. Skráning í keppnina opnar 10. desember. Glærur frá kynningu má nálgast upp á skrifstofu SHÍ og hjá Innovit.

3. Update af skrifstofu - Hildur hefur samantekt á starfi skrifstofu síðasta mánuðinn fyrir utan þá liði sem þegar er komnir á dagskrá.

* Car-pooling heimasíðan. Heitir skutl.is. Þessi síða er að verða tilbúin og ætti að opna í nóvember.

* Fjölskyldudagur. Hefjast á morgun 11. nóvember. Dagskráin hefur verið auglýst á miðum og plaggötum um skólann eins á hi-nem pósti. Bergþóra Snæbjörnsdóttir vildi koma með athugasemd varðandi auglýsingu í fjölmiðlum. Hildur býðst til að senda út fréttatilkynningu strax eftir fundinn.

* Tillögur varðandi niðurskurð HÍ. Stjórn stúdentaráðs hittist til að ræðatillögur varðandi niðurskurðinn. Hvernig er hægt að fá nemendur meira inn íákvarðanatöku. Umræða um hvað hefur farið fram á fundi hjá Sigrúnu og Elínu. Stjórnarfundur með Elínu og Sigrúnu verður boðaður fljótlega.

* Skattur á bækur. Ábending varðandi skólabækur. Umræða um það að skattur á bókum fari úr 7% í 12%. Verð hefur þegar hækkað mikið vegnagengis. Jóhann sendi fyrirspurn á fjármálaráðuneytið, ekki fengið svar ennþá. Bergþóra Snæbjörnsdóttir segir að á síðasta fundi hafi verið rætt um sveigjanleika kennara um að notaeldri útgáfur. Fylgja þessu eftir. Finna ódýrari kosti. Þórunn spyr hvað varðum netbókakostinn. Hildur segir frá fundum í starfshóp á vegum menntamálaráðherra. Lítið sé að gerast í þeim málum á vegum ráðuneytisins, þurfum að þrýsta meira á þessa þróun. Upphafskostnaðurinn við netbókavæðingu ertöluverður og því óljóst hver á að taka hann á sig.

* Styrktarleikurinn. 310.000 kr. sem safnaðist og skipulagtsamstarf við HR varðandi formlega afhendingu.

* Stúdentakortin. Yfirtaka HÍ á kerfinu kom í bakið á stúdentum þegar opnunartími var skertur verulega. Þetta hafði aldrei verið rættvið Stúdentaráð. Byggingar munu loka kl. 24 á virkum dögum en kl. 22 um helgar. Þeir sem þegar eru komnir inn í byggingar munu þó fá að vera þar áfram. Aðgangurinn verður eitthvað rýmkaður í prófatíð. Með þessari aðgerð telur Háskólinn sig vera að bæta öryggi bygginganna. Sigurður Kári bendir á að nemendur skilji alltaf hurðir eftir opnar hvort eð er, öryggið muni ekki batnameð þessari aðgerð. Hildur kallaði eftir skýrum rökum frá Háskólanum vegna breytinganna. Helstu rökin voru þau að sprautunálar hafi fundist í ruslatunnum og að fólk væri að hreiðra um sig undir stigum bygginganna. Hildur segir að yfirfærsla stúdentakortakerfisins hafi byrjað í tíð Bjargar og Péturs svo þetta hafi lengi verið í vinnslu. Hildur bendir einnig á að eftir breytinguna sé verið að rukka fólk fyrir tveggja klukkustunda aukinn aðgang á meðan margir voru í góðri trú um að kortin veittu sólarhringsaðgang að byggingum. Bergþóra Benediktsdóttir spyr hvort við höfum svigrúm til að hafa áhrif á þessar ákvarðanir? Hildur segir að við fáum ekki fund fyrr en 17. nóvember en þá verðifarið yfir stöðuna með fulltrúum HÍ. Elín bendir á mikilvægi þess að SHÍ fái sundurliðun á því hvert þessar 1.500 kr. fara, hvernig er kostnaðurinn reiknaður? Frekari umræða um stúdentakortin mun fara fram á næsta Stúdentaráðsfundi, eftir að fundi með fulltrúum HÍ er lokið.

* Listar fylkinga fyrir næstu kosningar. Sigrún Ingibjörg talaði við Magnús Diðrik, með vangaveltur um það hvernig SHÍ gæti fengið undanþágu frá því að þurfa að kjósa aftur til háskólaþings í ár. Þórður Kristinsson sagði að við þyrftum að senda greinargerð á rektor 2 vikum fyrir háskólaþingið ef við

vildumbera upp undanþágubeiðni. Elín segir að þetta standist ekki lög, háskólaþinggæti aldrei gefið slíka undanþágu. Rætt um mögulegar aðgerðir til að komast hjákosningu til háskólaþings nú í febrúar. Sigurður Kári ætlar að gera tillögu aðlagabreytingum á lögum um opinbera háskóla og svo getur SHÍ kallað eftir því aðmenntamálaráðherra leggi fram tillöguna. Þórunn bendir á að fylkingarnar hafþjó gert samkomulag um að þjóða ekki aftur fram til háskólaþings í næstukosningum. Þarf þjó að passa að allir frambjóðendur séu enn í skólanum.

* Næsti Stúdentaráðsfundur. Hvenær eigum við að funda næst? Vill fólkbreyta hefðbundnum fundartíma vegna prófa? Fólk sammála um að næsti fundurverði 8. desember (stuttur fundur).

* Háskólaráð. Hildur kallar eftir meiriumræðu almennt innan Stúdentaráðs um fundi Háskólaráðs svo allir séu veluplýstir.

4. Janúar og Júnípróf - Jens Fjalar fer yfir aðgerðir menntamálanefndarvarðandi afnám sjúkra- og upptökuprófa í janúar og júní. Hafa fundað meðforsetum deilda og fræðasviða varðandi málið en alls staðar komið að lokuðumdyrum. Síðasta föstudag fóru Jens Fjalar og Hildur Björnsdóttir á fund með Ólafi Harðarsyni, forseta félagsvísindasviðs. Móttökurnar voru kaldar, sviðiðvildi lítið fyrir nemendur gera. Jens og Hildur bentu þá á brot gegn 3. mgr. 23. gr. reglna Háskóla Íslands við ákvarðanatöku í málinu og að SHÍ hyggðistkvarta til Umboðsmanns Alþingis. Eftir þessar upplýsingar breyttist örlítiðviðmót Ólafar og hann sagðist ætla að bera tillögur stúdenta undir sviðsfund í næstu viku og jafnvel leggja fram tillögur um sjúkrapróf í janúar. Sigrún Ingibjörg bendir á að tvær breytingar séu í gangi sem ekki má blanda saman. Annars vegar er breyting í 5 deildum Háskólans sem kveður á um sjúkra- og upptökupróf í maí. Hins vegar eru til skoðunar breytingar í öllum Háskólanumsem kveða á um upptökupróf í júní en sjúkrapróf í beinu framhaldi af prófum í janúar og maí. Ef niðurstaða sviðsfundar félagsvísindasviðs verður neikvæð mun SHÍ hefja vinnu við kvörtun til Umboðsmanns Alþingis.

5. Jafnréttisnefnd SHÍ. Þorleifur segir frá tillögu sem var einróma samþykkt innan nefndarinnar. Þetta er hvatning til beggja fylkinga þess efnis að nefndir innan ráðsins verðiekki einkynja og að oddvitar beggja fylkinga tryggja það við skipan í nefndir. Hildur segir að þessi hvatning sé andstæð stefnu Vöku í jafnréttismálum en fylkingin leggst alfarið gegn kynjakvótum. Bergþóra Snæbjörnsdóttir segir aðhér sé um málamiðlun að ræða af hálfu Röskvu. Halla Tryggvadóttir segir aðundarlegt sé að Vaka geti ekki komið til móts við Röskvu og gert einnig einhvers konar málamiðlun. Hildur segir að Vaka geti ekki gefið afslátt afsinni stefnu með þeim hætti. Bergþóra Snæbjörnsdóttir vill aðlagabreytingarnefnd taki hvatninguna fyrir. Sigurður Kári bendir á að þetta sé einungis hvatning, aldrei hafi staðið til að senda þetta tillagabreytinganefndar. Hildur telur líklegt, þar sem hún verður ekki oddviti við næstu nefndarskipan, að oddviti Vöku muni vera fús til að tilkynna oddvita Röskvu um sína nefndarskipan. Röskva geti svo ákveðið sína skipan út frá því og gætt þess að nefndir séu ekki einkynja, sé það þeirra vilji. Þórunn Elísabet bendir á hversu óeðlilegt sé að Vaka hyggist hafna tillögu sem komi frá jafnréttisnefnd þar sem Vaka fer með

meirihluta. Sigrún segir ekkert óeðlilegtvið að málið fari í nefnd, og niðurstaðan sé svo ekki samþykkt innan meirihluta Stúdentaráðs. Rætt um að kjósa um hvatninguna, ýmist um það hvort hún fari ílagabreytinganefnd eða hvort hún verði tekin gild af ráðinu. Sigurður Káruleggur til að kosið verði um það hvort Stúdentaráð lýsi yfir stuðningi viðhvatninguna sem er þess efnis að nefndir innan SHÍ verði ekki einkynja, þ.e.hafi 20% lágmarks kynjakvóta. Þetta er í raun kosning um viljayfirlýsingu. Hildur kallar á kosningu. Viljayfirlýsingin felld með 10 atkvæðum Vöku gegn 9 atkvæðum Röskvu.

6. Strætómál. Hildur náðiloks sambandi við aðstoðarmann Svandísar Svavarsdóttur, umhverfisráðherra. Húngreindi frá því að umhverfisráðherra og samgönguráðherra hefðu lagt framminnisblað á ríkisstjórnarfundi í haust sem kvað á um sömu hugmyndir og SHÍhafði lagt fyrir umhverfisráðherra. Sem stendur vinna bæði ráðuneytin aðfrumvarpi um niðurfellingu ákveðinna opinberra gjalda til Strætó bs. sem skapaætti fjármagn til frekari niðurgreiðslu á nemaverkefninu.

7. Rafrænarkosningar - Stefán búin að hitta hann. Hreinn Pálsson þarf aðsamþykkja þetta svo að rafrænar kosningar færu í ferli. Stefán sér um að fundameð Hreini og ættum ekki að hafa áhyggjur af því. Þurfum að skipa kjörstjórnsem fyrst, hún þarf að samþykkja breytingar. Þórunn: lagabreytinganefnd er ekkibúin að hittast það er að koma desember, þurfum að samþykkja breytingar. Lagabreytinganefnd þarf að fara að hittast. Hildur: öll vinnan farin í stað afhálfa RHÍ. Sigurður Kári finnum tíma, Jens og Þórhildur, finna annanfundartíma. Það er vilji í ráðinu. Það þyrfti að fara fram prufun á kerfinu. Hildur: jú það átti að vera desember. En hugsanlega færi prófunin fram í janúarút af Hrein Pálsson. Samkvæmt lögum er það fyrsta miðvikudag og fimmtudag í febrúar. Umræður voru um það hvortætti að færa kosningar. Kjörstjórnþarf að taka ákvarðanir varðandi daga hvenær þær eru haldnar og fleira. Bergþóra: koma inn á reikningsstofnun, einhver sem var veikur sem komst ekki á fund. Hreinn Pálssonvar með uppsteit. Hvað er þessi vinna búin að vera lengi í farveginum. Samskiptihildar við Hreins voru neikvæð en Ragnar var búinn að tala við Hrein, samþykkað þetta yrði að forgangsmáli og Helga Vala var skipuð í það verkenfi að finnauppfærslu á þessu kerfi. Hildur: ekki bjartsýnn á prufun í desember, byrjunjanúar. Þetta er allt í vinnslu. Elín vill fá updeit. Elín gott að vita þaðetta sé í vinnslu. 23. Október hitti Hildur Helgu Völu og Hrein og co.

8. 1. Desember. Verðahátíðarhöld í kringum daginn, dagskráin með svipuðu sniði og í fyrra. Samkoma íhátíðarsal, rektor flytur ávarp, blómakrans á leiði Jóns Sigurðssonar, forseti Íslands flytur ávarp og svo verða tónleikar á Háskólatorgi. FS ætlar að greiðafyrir tónlistarmann sem mjög líklega verður Ragnheiður Gröndal. Allar hugmyndirvarðandi 1. desember má koma með til Hildar eða félagslífsnefndar.

9. Greingingarsjóður. Hildurfjallar um næstu úthlutun en tvær úthlutanir fara fram á ári. Ekkert fé er ísjóðnum sem stendur svo Stúdentaráð hefur þurft að standa straum af kostnaðivið styrkúthlutanir. Það eru um það bil 150.000 kr. við hverja úthlutun. Stjórngreiningarsjóðs sendi styrktarbeiðni á menntamálaráðherra og félagsmálaráðherra, væri eðlilegra að þessir aðilar

kæmu að fjármögnun sjóðsins. Hildur segir frá því að 10 umsóknir hafi borist til sjóðsins og aðsjóðsstjórn hafi ákveðið að allir yrðu styrktir jafnt.

10. Önnur mál.

* Nýsköpunarsjóður námsmanna. Yngvi Eiríksson óskaði eftir því við Hildi að SHÍ reyndi að finna hugmyndir að því hvernig mögulegt væri að auglýsa Nýsköpunarsjóð námsmanna með sem ódýrustum hætti. Athugasemdur má senda á Yngva eða Hildi.

* Lagabreytingarnefnd. Bergþóra Snæbjörnsdóttir óskar eftir því að lagabreytingarnefnd hittist sem fyrst varðandi rafrænar kosningar. Hildur bendir einnig á að kjörstjórn þurfað hittast sem fyrst til að ákvarða ýmsar breytingar er viðkomandi rafrænum kosningum. Þetta er mikilvægt hagsmunamál og við þurfum að keyra það í gegn.

Fundi slitið - næsti fundur 8. desember.

Stúdentaráðsfundur 13. október 2009 kl. 17:00

HT300 Háskólatorgi

Mætingarlisti: Hildur Björnsdóttir (V), Ingólfur Birgir Sigurgeirsson (V), María Finnsdóttir (V), Atli Bjarnason (V), Anna Sigríður Hafliðadóttir (V), Sigrún Ingibjörg Gísladóttir (V), Aðalbjörg Ósk Gunnarsdóttir (V), Jens Fjalar Skaptason (V), Þórhildur Baldursdóttir (V), Sigrún Magnea Þráinsdóttir (V), Aron Þór Leifsson (V).

Sigurður Kári Árnason (R), Bergþóra Benediktsdóttir (R), Þórunn Elísabet Bogadóttir (R), Bergþóra Snæbjörnsdóttir (R), Elín Ósk Helgadóttir (R), Haukur Hólmsteinsson (R), Þorleifur Örn Gunnarsson (R), Gabriella Unnur Kristjánsdóttir (R).

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Októberfest
3. Niðurskurður í HÍ
4. Samgöngumál
 1. Strætó
 2. Gjaldskyldan
 3. Car-pooling heimasíða

5. Rafrænar kosningar

6. Styrktarleikur

7. LÍH

8. Önnur mál

Fundur hafinn kl. 17:10

1. Fundargerð síðasta fundar. Fundargerðirsíðustu funda samþykktar með breytingartillögum. Hildur mun senda lagfærðarfundargerðir á ráðið til endanlegrar samþykktar. Elín Ósk leggur til aðfundargerðir verði framvegis ekki jafn ítarlegar og að ekki sé vitnað í orðeinstantakra Stúdentaráðsliða nema þeir óski sérstaklega eftir því að orð sínverði bókuð.

2. Októberfest. Jóhann Már ræðirstuttlega um Októberfest, búið að ræða við AM Events, uppgjorið ekki komið enað öllum líkindum kemur það út íplús, niðurstöður verða birtar á föstudaginn. Upp hefst umræða um samning okkarvið Am Events, fáum 20% af hagnaði en tókum ekki þátt í tapi ef eitthvaðverður. SHÍ er ekki bundið neinum samningi við þá til fleiri ára. Jóhann Márbendir á að færa dagsetningu hátíðarinnar fyrr, t.d. í lok september vegnaveðurs. Bergþóra Snæbjörnsdóttir talar um skort af samstarfi Am Events,skrifstofu SHÍ og félagslífs- og menningarnefndar, nefndin fékk lítið tækifæritil að koma með hugmyndir varðandi Októberfest. Hildur gagnrýnir einnig hvernigþetta fór fram í fjölmiðlum, viðburðurinn hafi alltaf verið tengdur AM Eventsen ekki Stúdentaráði. Rætt um afföll á barnum en þau voru um 30% , augljóslegaeinhverjir að gefa á barnum. Sama vandamál kom upp í fyrra. Sigrún Ingibjörgbendir á þá staðreynd að ef að meirihluti barþjóna eru óreyndir, þá fer bjórtil spillis. Atli Bjarnason bendir á að á almennum skemmtistöðum fer 10% afbjór til spillis. Einnig farið yfir björgunaraðgerðir á tjaldinu sem vorunauðsynlegar til að forðast tjón á fasteignum, bílum, líkamstjón og annaðmögulegt tjón sem ekki verður metið til fjár. Rætt um að taka allt saman semfór fram á Októberfest og hvað mætti betur fara í eins konar skýrslu fyrirnæsta ár.

3. Niðurskuður HÍ. Hildur kallareftir umræðu Stúdentaráðs um það hvernig ráðið eigi að bregðast við niðurskurðií Háskólanum og hvernig ráðinu þyki best að hátta honum. BergþóraSnæbjörnsdóttir bendir á mikilvægi þess að ráðið fylgi því eftir aðniðurskurðartillögur stúdenta sem lagðar voru fyrir Háskólaráð yrðu teknar tilgreina. Sigrún Ingibjörg talar um mikilvægi þess að Stúdentaráð fái fulltrúa, íþað minnsta áheyrnarfulltrúa, í fjármálanefnd Háskólans. Fulltrúar stúdenta íHáskólaráði hafa margsinnis gert kröfu um fulltrúa í fjármálanefnd og hefurþetta oft verið rætt í Háskólaráði. Það sem Stúdentaráð þarf að passa sig á erað hljóma ekki eins og öll önnur hagsmunafélög í landinu, það eru allir aðergja sig á niðurskurði og enginn nennir að hlusta. Þurfum að finna nýjanálgun, jafnvel tillögur að því hvernig bæta má fjárhag skólans. Elín Óskleggur til að stjórn Stúdentaráðs verði kölluð saman til að ræða niðurskurðinnfrekar og nánari útfærslu á viðbrögðum SHÍ. Sigrún Ingibjörg leggur til aðstúdentar leggi fram ítarlegri tillögur á næsta Háskólaráðsfundi þegar ljóst erhvernig niðurskurðinum verður háttað innan hvers sviðs og hvernig hann hefuráhrif á nemendur. Haukur

Hólmsteinsson leggur til að nemendur verði virktir í að finna hugmyndir að niðurskurðarleiðum innan Háskólans, jafnvel í samstarfi við Gulleggið. Sigrún Ingibjörg leggur til að Stúdentaráð fari í eins konarherferð til að vekja athygli á niðurskurðinum og fá inn hugmyndir frá stúdentum. Rætt um leiðir til að virkja stúdentana, t.d. með því að tengja umræðuna fjármáladögum, setja upp hugmyndakassa, tala við stúdentana, sendahi-nem póst o.s.frv.

4. Samgöngumál.

a. Strætó. Hildur fjallar um „frítt í strætó fyrir námsmenn“ verkefnið. Ekkert hefur heyrst frá Svandísi Svavarsdóttur, umhverfisráðherra, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Það er því ekki enn ljóst hvernig hún ætlar að taka tillögum SHÍ í þeim efnum. Annars hefur SHÍ unnið að því í samstarfi við Orkusöluna að setja upp upphitað strætóskýli við Hringbraut sem ætti að opna í lok október eða byrjun nóvember.

b. Gjaldskyldan. Hildur fjallar umfund sem hún og Ingólfur áttu með Sigurlaugu Lövdahl og Guðmundi R. Óskað eftirsvörum Háskólans á því hver raunverulegur tilgangur gjaldskyldunnar væri. Þausvöruðu á þá leið að upphaflega hafi verið ákveðið að gera bílastæðingjaldskyld til að hvetja fólk til þess að nýta sér „frítt í strætó“ verkefnið í auknum mæli. Það er því undarlegt að koma upp gjaldmælum á nákvæmlega samátíma og „frítt í strætó“ verkefnið er lagt af. Einnig bentu þau á að meðgjaldskyldunni væri aðgangur að þjónustueiningum á Háskólatorgi aukinn, þ.e. Hámu og Bóksölu stúdentana. Undarleg rök þar sem FS kallaði aldrei eftir þessum gjaldskyldu stæðum. Hildur segir þau hafa staðfest á fundinum að það sé hlutiaf framtíðarsýn Háskólans að koma á gjaldskyldu í öll bílastæði við skólann ánæstu árum, slík ákvörðun þarf þó að fara í gegnum Háskólaráð. Það er einnig stefna borgarinnar að gera öll bílastæði í borginni gjaldskyld innan fárra ára. Sigurður Kári leggur til að við reynum frekar að stöðva fjölgun gjaldskyldrabílastæða. Hildur er ósammála, segir mikilvægt að stöðva málið í fæðingu svoboltinn fari ekki að rúlla. Hún segir Sigurlaugu og Guðmund vera tilbúin til að endurskoða gjaldskylduna í lok annar með tilliti til þess hvernig hún hafigengið og hver ágóði hennar hafi verið. Hildur bendir einnig á að nokkrir íbúar Aragötu og Oddagötu hafa kvartað til ráðsins vegna þess að stúdentar séu að leggja í stæði götunnar eftir að gjaldskyldan kom á. Sölvi segir að það ætti nú ekki að vera erfitt fyrir fólk að labba af malarstæðunum, maður þurfi ekki að leggja alltaf beint við innganginn. Umræða skapast um gjaldskylduna.

c. Car pooling heimasíða. Stúdentaráð hefur fengið styrk frá Háskóla Íslands til að setja upp svokallaða Car-pooling heimasíðu. Á heimasíðunni getur fólk bæði boðið bílfar eða óskað eftir bílfari í skólann en þannig má sameina í bíla, spara bensínkostnað og um leið leysa að einhverju leyti bílastæðavandann við Háskólann. Síðan er komin í vinnslu og ætti að vera tilbúin í nóvember. Haukur Hólmsteinsson bendir á að tengja síðunavið student.is. Hildur segir að það hafi einmitt verið á dagskrá.

5. Rafrænar kosningar. Hildur segir að rafrænar kosningar séu komnar í gang fyrir utan það að málið strandi hjá Hreini Pálssyni sem hefur einhverja yfirumsjón með Uglunni. Hann sé ekki ennsannfærður um að málið sé forgangsmál. Hildur fer á fund með Ragnari Stefánihjá RHÍ í lok vikunnar og fær þá málin betur á hreint.

6. Styrktarleikur. Hildur segir frásvokölluðum Styrktarleik stúdenta sem haldinn verður laugardaginn 31. októberkl. 17:00 í Kórnum í Kópavogi. Þar munu HÍ og HR keppa í knattspyrnu karla, miðaverð er 1.000 kr. og allur ágóði rennur til styrktar góðu málefni. Mjög líklega mun ágóðinn renna til Krafts, stuðningsfélags fyrir ungt fólk semgreinst hefur með krabbamein en annars eru allar hugmyndir vel þegnar. Mikiláhersla lögð á að fá allt frítt svo ágóðinn verði sem mestur. Bergþóra Benediktsdóttir spyr hvort það verði bara karlalið og hvort ekki sé hægt að bæta konum í liðin. Þórunn Elísabet tekur undir. Hildur segir að það sé bara umkarlalið að ræða.

7. LÍH. Hildur fjallar um stofnun Landssambands íslenskra háskólanema en tilgangurinn með því var að skapa samvinnu milli háskólanna í landinu. Þetta hafi hins vegar snúist upp í valdabaráttu og skapað deilur milli skólanna um fulltrúaskiptingu. Hildur og Sigrún Ingibjörg hafi því lagt fram þá tillögu að LÍH yrði fremur gert að einskona samráðsvettvangi þar sem formenn hvers skóla myndu hittast reglulega, senda frá sér ályktanir og vinna sameiginlega að hagsmunum stúdenta í landinu þegar það á við. Fundirnir yrðu líklega mánaðarlega en þó oftast ef eitthvað sérstakt kæmi uppá. Elín Ósk spyr hver aðkoma Stúdentaráðs yrði að LÍH önnur en að senda formann ráðsins á fundi? Sigrún Ingibjörg segir að allar stúdentahreyfingar muni koma algjörlega að öllu því sem samtökin geri og að formenn hverrar hreyfingar samþykki ekkert inni í LÍH nema hafa borið það undirsína hreyfingu. Hildur segir að SHÍ myndi því þurfa að samþykkja allar ályktanir frá LÍH áður en formaður SHÍ gæti gefið endanlegt samþykki fyrir þeim. Ef ætti að senda út ályktun með skömmum fyrirvara yrði hún til að myndasend með tölvupósti á allt Stúdentaráð með sólarhringsfyrirvara til samþykkis, jafnvel lengri frest ef ekki liggur á ályktuninni. Sigrún Ingibjörg segir að fulltrúar skólanna muni hittast á fundi 31. október og fara yfir tillöguna. Verði hún samþykkt mun LÍH fara að starfa.

8. Önnur mál.

a. Fjármáladagar SHÍ. Arnþór talar um fyrirhugaðan fjármáladag SHÍ. Þar verða tveir fyrirlestrar, einn um nýsköpunfyrirtækja og annar um LÍN. Einnig verða borð á ákveðnum stöðum á Háskólasvæðinu þar sem fólk getur komið með niðurskurðartillögum fyrir Háskólann, t.d. með hugmyndakassa. Áhersla verður lögð á að fjalla um LÍN málin á mannamáli og einfaldan hátt. Þórunn Elísabet vill fá á hreint hver aðkoma Landsbankans verður að Fjármáladögum. Arnþór fór á fund með Landsbankanum, sem er einn af samstarfsaðilum Stúdentaráðs, varðandi dagana. Landsbankinn hefur boðist til að aðstoða við dagskrána og jafnvel að fjármagna plaköt. Þórunn Elísabet segir að sér þætti eðlilegt að hafa fjármáladaga frekar í janúar þegar umsóknarfrestur rennur út, þarf að hugsa betur dagsetninguna. Hildur bendir á að það sé vel mögulegt að hafa aftur fjármáladaga í janúar. Arnþór bendir á að allir í fjármálanefnd verði að vera samþykki og upplýstir og að fjármálanefndarfundur verði boðaður hið fyrsta um málið þar sem fólk getur komið með hugmyndir eða gagnrýni.

b. Staða framkvæmdastjóra SHÍ. Bergþóra Snæbjörnsdóttir bendir á að í apríl hafi verið rætt um að koma með tillögu að breytingu á ráðningu framkvæmdastjóra. Jens Fjalar segir að það þurfi að taka almennilegan fund með lagabreytingarnefnd sem fyrst þar sem farið yrði yfir þessi mál.

c. Alþjóðastarf. Bergþóra Snæbjörnsdóttir vill að alþjóðastarf SHÍ sé meira rætt á Stúdentaráðsfundum.

d. Auglýstir Stúdentaráðsfundir. Bergþóra Snæbjörnsdóttir bendir á að Stúdentaráðsfundir hafi ekki verið auglýstir á student.is síðan á maí og það þurfi að laga.

Innskot: Þetta er ekki rétt, allir fundir Stúdentaráðs hafa verið auglýstir á student.is nema fundurinn 13. október vegna mistaka.

e. Dagskrárliðir. Bergþóra Snæbjörnsdóttir óskar eftir dagskrárliðnum „Update af skrifstofu“ inn í dagskrá SHÍ framvegis. Anna Sigríður kemur með þá hugmynd að ræða meira nefndarstöfin á Stúdentaráðsfundum.

Stúdentaráðsfundur þriðjudaginn 30. september 2009 kl. 17:00 í HT300.

Mætt eru: Aðalbjörg Ósk Gunnarsdóttir (V), Ingólfur Birgir Sigurgeirsson (V), Sigrún Magnea Práinsdóttir (V), Þorsteinn V. Einarsson (V), Jens Fjalar Skaptason (V), Aron Þór Leifsson (V), Steinunn Tómasdóttir (V), Hildur Björnsdóttir (V), Jóhann Már Helgason (V), Íris Gunnarsdóttir (V).

Bergþóra Snæbjörnsdóttir (R), Sigurður Kári Árnason (R), Gabriella Unnur Kristinsdóttir (R), Þorleifur Örn Gunnarsson (R), Brynjar Smári Hermannsson (R).

Yngvi Freyr Einarsson, formaður starfshóps um rafrænar kosningar.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Októberfest
3. Rafrænar kosningar
4. Önnur mál

Fundur settur 17:10

1. Fundargerð síðasta fundar. Fundargerðin föst í Svíþjóð með Maríu Finnsdóttur. Fundurinn samþykkur því að lesa yfir og samþykkja fundargerðina á næsta fundi SHÍ.
2. Októberfest. AM Events byrja fundinn á að tala um Októberfest, kynnadagskrá og verð. Jói talar um vaktaskipan og fleiri atriði sem snerta hátíðina. Öpið fyrir spurningar.
3. Rafrænar kosningar. Farið yfir skýrslu starfshóps um rafrænar kosningar.

* Sigurður Kári fjallar um möguleikann á því að kjósa utankjörfundar og breyta svo atkvæði sínu síðar, þetta býður Uglan ekki uppá samkvæmt

kerfistarfshópsins. Yngvi segir að þetta sé einungis tillaga hópsins og ekkert málað breyta því í annað horf. Gunnar Helgi taldi betra að geta breytt atkvæðinuen RHÍ voru ósammála og sögðu það brjóta gegn kosningaleynd. Ingólfur leggur áherslu á mikilvægi þess að kosningaleynd sé tryggð og að ekki sé hægt að rekja atkvæði, það sé því betra að bjóða ekki uppá þann möguleika að breyta atkvæði. Yngvi talar um að nefndin hafi ekki tekið afstöðu með eða á móti tillögunni, entæknin býður upp á þetta og þá þurfum við að spyrja okkur af hverju og af hverju ekki.

* Yngvi bendir einnig á að það hafi verið tvennt sem kom ekki fram ískýslunni sem hann vilji ræða um. Þá fyrst varðandi kostnað SHÍ. Ef það erfarið í framkvæmdina, hvað myndi gerast ef forritið verður ekki tilbúið þegar kemur að kosningum og venjulegar kosningar yrðu haldnar? Hefur SHÍ þá efni á því að borga fyrir rafræna kerfið og halda hefðbundnar kosningar? Jóhann Mársegir að það sé hægt mögulegt en geti þó auðvitað reynst erfitt eins og fjárhagsstaðan er í dag.

* Bergþóra Sn. spyr hvenær þetta gæti verið keyrt í gegn ef við samþykkjum þetta öll. Yngvi segir að þetta þurfi að gerast sem fyrst svo við getum prufukeyrt í desember. Gefi Hreinn Pálsson þó verkefninu forgang gæti forritunarvinnan gengið hraðar fyrir sig þar sem RHÍ gæti lagt fleiristarfsmenn í verkið.

* Sigurður Kári, segist ekki sjá fyrir sér að það taki langan tíma að gera þessa prufu. Hildur segir að það sé ekki rétt, það eigi eftir að vinna alla forritunarvinnu sem sé mjög flókið ferli ef kerfið á að vera vandað. Yngvisegir að þeir þurfi að klára að hanna þetta kerfi sem sé 150 klst í vinnu. Sigurður spyr hvort það hafi verið skoðað hvort þetta kerfi sé í einhverjum öðrum löndum, og ef svo er hvort það hafi verið kannað hvernig öryggisatriðin hafi gengið þar. Hildur bendir á að Kristján Freyr hafi skoðað öll þessi öryggisatriði og í ljós kom að búið sé að finna lausnir við þeim öllum erlendis. Við þurfum því að skoða fyrirmyndir þaðan svo við séum ekki að finna upp hjólið.

* Bergþóra Sn. segir að það sé virkilega mikilvægt að hafa þetta eins einfalt og mögulegt er. Jóhann segir að honum finnst mikilvægast í þessu að haldakerfinu sem einföldustu og breyta sem minnstu frá fyrra fyrirkomulagi. Þó svo að kosningarnar séu komnar í tölvuform, þá er mikilvægt að tilfinningin ískólanum sé eins og fyrri ár og fólk finni að það séu kosningar gangi.

* Hildur fjallar um tvöfalt öryggi og þá hugmynd að notast við Uglunotendanafn og lykilorð. Sú hugmynd er ódýrust og studdist starfshópurinn því við hana í sinni skýrslu. Það væri þó hægt að skoða möguleikann á því að nota auðkennislykil eða fá lykilorð sent í heimabankann. Þetta sé munkostnaðarsamari leið sem væri þó hægt að skoða ef SHÍ fær einhverja styrki til að hanna kerfið. Þessi leið gæti þó reynðar valdið því að stúdentum þyki offlókið ferli að kjósa og geri það síður.

* Jóhann talar um að það einasem gæti látið kerfið hrynja ersvokölluð Pingarárás, en Uglan er mjög sterk, hún hefur staðist fjölda slíkra árása og kerfið er það stórt að 15.000 manns geta skráð sig inn í einu. Yngvi bendir á að það verður manneskja á bakvakt. Ef slík árás myndi hefjast þá gætu þeir lokað á árásina.

* Bergþóra Sn. spyr um það sem stóð í skýrslunni um að kosningarnar myndu fara fram á einum degi? Yngvisegir að þælingin hafi verið sú að allar kosningar á Íslandi fara fram á einum degi. Fyrst að þetta er orðið rafrænt þá er engin ástæða til þess að hafa þetta tvo daga. Af hverju eiga kosningar til SHÍ að vera lengri en almennarkosningar? Bergþóra Sn. spyr einnig hvort starfshópurinn hafi verið að tala um 12 tíma eða 24 tíma? Sigurður Kári leggur til opnunartíma milli kl. 8-22 en það er venjulegur opnunartími kjörstaða í kosningum, það eru 14 tímar. Ef að kosningarnar verða á tveimur dögum þá er þæling að hafa þetta ekki á sömutímum. Fyrir þá einstaklinga sem komast ekki á ákveðnum tímum. Hildur segir að það sé hennar persónulega skoðun að breyta eigi sem minnstu og halda áfram með tvo kjördaga. Tilgangur rafrænna kosninga er að auka kosningaþátttöku en fækkun kjördaga gæti haft þveröfug áhrif.

* Hildur talar um ótrúlega miklavinnu sem fer af stað núna hjá SHÍ verði tallagan samþykkt. Tilgangur fundarinn hafi verið sá, að kjósa um það hvort við séum tilbúin til að fara í vinnu fyrir rafrænar kosningar og um leið taka þá fjárhagslegu áhættu sem fylgir því að hanna kerfi sem hugsanlega verðurekki hægt að nota strax í febrúar. Hildur leggur til að kosið verði um málið. Allir fundarmenn kjósa með því að SHÍ leggist í vinnu fyrir rafrænar kosningar, enginn situr hjá og enginn kys gegn.

* Hildur segir að næst á dagskrá sé að tala við Hrein Pálsson og fá hann til að samþykkja rafrænar kosningar sem forgangsverkefni svo RHÍ geti lagst í alla forritunarvinnu hið allra fyrsta.

Fundi slitið.

Stúdentaráðsfundur þann 8. september 2009. Haldinn í st. HT 300 kl. 17:00.

Mætt eru: Hildur Björnsdóttir (V), Þórhildur Baldursdóttir (V), Sigrún Magnea Þráinsdóttir (V), Atli Bjarnason (V), Arnþór Gíslason (V), Jens Fjalar Skaptason (V), Anna Sigríður Hafliðadóttir (V), María Finnsdóttir (V), Ingólfur Birgir Sigurgeirsson (V), Sindri Aron Viktorsson (V), Inga Lára Björnsdóttir (V).

Þórunn Elísabet Bogadóttir (R), Sigurður Kári Árnason (R), Halla Tryggvadóttir (R), Þorleifur Örn Gunnarsson (R), Bergþóra Snæbjörnsdóttir (R), Elín Ósk Helgadóttir (R), Bergþóra Benediktsdóttir (R), Gabriella Unnur Kristjánsdóttir (R).

Jóhann Már Helgason, framkvæmdastjóri, er áheyrnarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. LÍN

3. Strætó
4. Stúdentasjóður
5. Neyðarnúmer nýnema
6. 17:00 vaktin
7. Jafnréttisdagar
8. Októberfest
9. Rafrænar kosningar
10. RIFF
11. Önnur mál

1. Fundargerð síðastafundar. Fundargerð samþykkt með nokkrum athugasemdum tengt málfari og stafsetningusem formaður mun laga.

2. LÍN. Ingólfur erstaddur núna í þessum töluðu orðum á skyndifundi hjá LÍN, við vitum ekki efnifundarins, fékk skyndilega fundarboð. Ingólfur er í sambandi þessa dagana við Harald, ekkert nýtt að fréttu, stjórnin hefur í raun lítil völd. Búin að veramikil pressa og þrýstingur frá Stúdentaráði að undanfögnu á stjórn LÍN og menntamálaráðuneytið hvað varðar lagfæringu á kjörum stúdenta. Endurskoðendanevnd fundar núna, vonum að það sé verið að hlusta á kröfur okkar. Hildur segir að Stúdentaráð verði upplýst um efni fundarins um leið og mögulegter.

3. Strætó.

* Varðandi strætó þáhefur Hildur reynt að ná sambandi við Svandísi Svavarsdóttur, umhverfissráðherra, en ekkert bólar á svörum varðandi niðurgreiðslu á strætókortunum. Stjórn Strætó bs. á við sama vandamál að stríða. Hildur segir að umhverfissráðuneytið sé að skoða leiðir til að fella niður opinber gjöld til Strætó og skapa þannig fjármagn sem runnið gæti til niðurgreiðslu á nemakortum í strætó. Sveitarfélögin sem aðild eiga að Strætó bs. eru þegar búin að samþykka 15.000 kr. niðurgreiðslu, sem er niðurgreiðsla um 50% af heildarverði. Stúdentaráð hefur sent erindi á sveitarfélögin á landsbyggðinnisem taka afar illa í þá tillögu ráðsins að niðurgreiða nemakortin fyrir sínanemendur, þ.e. þá sem hafa lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarfélög landsbyggðarinnar eru mjög neikvæð og telja það ekki í sínum verkahring að niðurgreiða kort fyrir fólk sem býr í höfuðborginni og sækir þar alla þjónustu. Elín Ósk tekur fram að það er hagur sveitarfélaga að þeirra fólk mennti sig og borgi síðar útsvar til síns sveitarfélags. Atli talar um að sveitarfélög líti ekki öll eins á stöðuna, auðveldar málið væru strætómálin alfarið á könnuríkisins. Hildur bendir líka á að ef umhverfissráðuneytið mun finna fjármagn til að niðurgreiða nemakortin enn frekar þá muni sú niðurgreiðsla koma til allra stúdenta, ekki bara þeirra með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu.

* Hildur minnst ásamning við Orkusöluna um að hita upp strætóskýlið við Hringbraut. Orkusalanvinnur þetta í samstarfi við Stúdentaráð og hefur leigt skýlið til eins árs af Reykjavíkurborg. Ætlunin er að búa til eins konar "stofustemningu" í skýlinu og fá jafnvel Símann til að bjóða uppá heitan reit þar inni. Skýlið ætti að veratilbúið í byrjun október.

4. Stúdentasjóðurinn. Verið að skipa nýja stjórn, í henni eru 5 manns, einn frá hvorri fylkingu og svo 3 óháðir fránemendafélögunum. Auglýsingu hent út í lok vikunnar. Hildur minnst á að viðeigum rétt á okkar fulltrúa og að báðar fylkingar verði að muna að tilnefnasinn einstakling.

5. Neyðarnúmer nýnema. Arnþór Gíslasonfékk þá hugmynd að koma á "Neyðarnúmeri nýnema". Hugmyndin var sett strax í framkvæmd. Fengum númer tengt við síma Ingólfs. Símanúmerið er 561 4000 og hefur töluverður fjöldi símhringinga borist. Helstu erindin hafa verið spurningar um staðsetningu bygginga eða stofa, kennarar hafa einnig nýtt sérþjónustuna. Mikið álag í síðustu viku. Ætlum að halda þessu númer út önnina.

6. 17:00 vaktin. Jens tekur updeit af þessari vinnu. Menntamálanefnd sendi út póst á nemendur og óskaði eftir því að þeir sem væru ósáttir við kennslustundir eftir kl. 17:00 myndu hafa samband við nefndina. Viðbrögðin voru gríðarleg. Jens er enn að fá póst. Nefndin tæklaði þetta þannig að póstur var sendur út á forseta sviðanna, og viðbrögðin góð, flestir ætluðu að fara í að laga stundatöflur. Enn komakvartanir og enn verið að bregðast við þeim. Jens segist einungis bregðast við kvörtunum, láta þetta fara eftir þeim nemendum sem koma með athugasemdir, öðrum hentar jafnvel að vera seint í tíma. Jens segir að sú kennsla sem er eftir kl 17:00 brjóti í bága við jafnréttisstefnu HÍ og að það þurfi að koma betur tilmóts við fjölskyldufólk. Jens segir að þetta sé skipulagsvandamál sem hægt er að yfirstíga.

7. Jafnréttisdagar. Inga fer yfir jafnréttisdaga sem haldnir verða 23.-25. september og les upp fyrirlestraröð sem verður haldin. Lifandi bókasafn, námslínur, náms- og starfsráðgjöf, ESN, Q, og fleiri félög verða að kynna sína starfsemi. Cosmo og ESN eru að skipuleggja spjall og bjórkvöld. Jafnréttisnefnd með viðburð, rithöfundur verður með spjall fyrir starfsfólk, neyða þá þeir sem hafa ekki áhuga á jafnréttismálum að takabátt í spjallinu. Boðið upp á táknmálstúlkun. Flóttir atburðir og flyerar verða í gangi ásamt plakötum. Jafnréttisfulltrúi HÍ er í samstarfi við jafnréttisnefnd SHÍ um skipulag daganna. Fulltrúar frá ýmsum hagsmunaaðilum eru í starfshóp um dagana. Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra, mun opna dagana með fyrirlestri á táknmáli. Á föstudeginum lýkur svo dagskránni með partýi og pub-quiz með veglegum vinningum.

8. Októberfest. 8.-10. okt. Fínt að taka þessa viku frá, það er verið að skipuleggja dagana á fullu núna. Samasnið og í fyrra en dagskráin mun þó breytast eitthvað. Rokktónleikana verða færðir á fimmtudag, hefðbundið Októberfest á föstudag og svo ball á laugardag. Þórunn talar um að þeir treystu of mikið á fylkingar í fyrra til

að manna barina, of mikil áhætta og erfitt. Jói segir að í fyrra hafi einn einstaklingur frá AM Events verið yfir börunum hann stóð sig ekki nægilega vel í því starfi. Þarf að bæta þetta í ár. Hugmyndirum að vakta líka barina og gæslu með nemendum sem vilja frítt armband áhátíðina eða eru jafnvel að safna fyrir útskriftarferðum. Staðsetning tjaldsinser ekki enn komin á hreint.

9. Rafrænar kosningar. Hildur segir aðlagabreytinganefnd verði að hittast og fara yfir málin og þær breytingar sem þarf að gera á lögnum svo við getum kosið rafrænt. Hildur talaði við Kristján Frey sem veit sitthvað um rafrænar kosningar en hann hvatti SHÍ til að setjasaman starfshóp um málið. SHÍ mun því skipa þennan starsfhóp á næstu dögum en vinnu hans mun ljúka í lok september með skýrslu sem farið verður yfir á fundi SHÍ. Annars eru ýmsar hugmyndir sem þarf að fara yfir varðandi rafrænar kosningar, t.d. hvort við viljum bjóða uppá bæði hefðbundnar og rafrænar kosningar. Það væri erfiðara í skipulagningu og kostnaðarsamara en það þykir vandaðasta leiðin þar sem kosið er rafrænt erlendis. Það eru miklir möguleikar á styrkjum þar sem þetta er ákveðið frumkvöðlaverkefni og mörg sveitarfélög semeru að skoða sömu möguleika.

10. RIFF. Hildur fer yfir þessa hátíð. Nemar í kvikmyndafræði hafa tekið að sér að aðstoða við miðasölu. Ef einhverjir Stúdentaráðslíðar vilja ólmir hjálpa í skiptum fyrir 8-mynda-passa á hátíðina verður sett upp miðasala í Kennó. Þeir sem hafa áhugaverða að hafa samband við Hildi.

11. Önnur mál:

- * Akademían, er komin úr prentun. Ódýrari pappír en í fyrra en hún er þó læsilegri. Hún verðurekki á ensku en það verður gefið út sérstakt efni fyrir erlendu nemana. Réttindaskráin var uppfærð í Akademíunni frá árinu 2003 og einnig þýdd yfir á ensku fyrir erlendu nemana og verður birt á student.is.

- * Umræður myndast um háskólaþing og hvernig við högumkosningum þar sem nú ætti að kjósa þrjá lista, Stúdentaráð, Háskólaráð og Háskólaþing. Þurfum að koma í veg fyrir þetta, finna einhverja lausn. Gætum gert samkomulag milli fylknga um að bjóða aftur fram nákvæmlega sömu lista eða jafnvel óskað eftir undanþágu frá Háskólaráði.

- * Sigurður Kári kemur með ábendingu varðandi sumarskólann. Gekk ekki alveg nógu vel, reglurskólans um próf og einkunnir stangast á. Fólk fær ekki að sjá prófin sín áprófsýningu áður en upptökupróf fer fram. Ingólfur hefur einnig verið að vinna í málinu en fengið slakar undirtektir frá deildum og kennurum. Það er í raun ekkert hægt að gera eins og staðan er í dag því það er ekki nægulegur tími til stefnu svo niðurstaðan geti skipt nemendum einhverju máli. Menntamálanefnd tókúttekt á þessu fyrir vorprófin og ætlar að halda því áfram. Þurfum að fyrirbyggja svona leiðindi.

- * Menntamálanefnd er líka í vinnu með þeim 4 deildum sem ætla að afnema janúarpróf. Umræður myndast.

- * Bergþóra Sn. spyr hvort fjármálanefnd sé með einhverjaraðgerðir fyrirhugaðar varðandi LÍN. Hildur segir að Arnþór hafi unnið að því síðustu vikur

að setja saman kæru til Umboðsmanns Alþingis varðandi Lánasjóðssamningana. Ætti að vera tilbúin á næstu dögum.

Næsti fundur verður annan þriðjudag í október (13. október).

Stúdentaráðsfundur 26. ágúst 2009.

Haldinn í st. HT 301 kl 16:00.

Mætt eru: Hildur Björnsdóttir (V), Þórhildur Baldursdóttir (V), Sandra Karen Káradóttir (V), Ingólfur B. Sigurgeirsson (V), Atli Bjarnason (V), Arnþór Gíslason (V), Íris Gunnarsdóttir (V), Jens Fjalar Skaptason (V), Anna Sigríður Hafliðadóttir (V), Sigrún Ingibjörg Gísladóttir (V), María Finnsdóttir (V).

Þórunn E. Bogadóttir (R), Sigurður Kári Árnason (R), Lilja Ósk Magnúsdóttir (R), Halla Tryggvadóttir (R), Þorleifur Örn Gunnarsson (R), Bergþóra Snæbjörnsdóttir (R), Brynjar S. Hermannsson (R).

Jóhann Már Helgason, framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Kynning frá FS
2. Fundargerð síðasta fundar
3. LÍN
4. Strætómálin
5. Gjaldskyldan
6. Akademían og réttindaskrá stúdenta
7. Nýnemadagar og stúdentadagar
8. Stúdentakortin
9. E-bókavæðing
10. RIFF
11. Önnur má

1. Kynning frá FS. Kynningin tók 1,5 klst þar sem farið var yfir húsnæðismál, rekstur stúdentagarða, rekstur bóksölu, Hámu, kaffisölnar á svæðinu auk stúdentamiðlunar og rekstur leikskóla FS

2. Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt með einni athugasemd, Jóhann á ekki að vera merktur sem Vökuliði á fundinum heldur framkvæmdastjóri. Hann er því áheyrnarfulltrúi á fundinum.

3. LÍN. Hildur fer yfir LÍN. Katrín menntamálaráðherra er búin að samþykka samningana, það hefur gerst í júlí. Hvorki Ingólfur eða aðrir starfsmenn fengu fregnir af því fyrr en nýlega nú í ágúst. Sorgartíðindi.

Bergþóra S. spyr hvaða aðgerðir er verið að plana. Arnþór ætlar að kalla saman fjármálanefnd sem fyrst og fara í að skipuleggja aðgerðir. Vonar að fjármálanefnd verði sýnileg í vetur. Stúdentaráð þarf að berjast saman. Allir sammála. Gera eitthvað í september segir Lilja. Fólk almennt að uppgötva samningana núna og í vetur ekki kynnt sér þá fyrr. Sama og Hildur talaði um á síðasta fundi, kemur því yfir á fjármálanefndina að fara í aðgerðir með Stúdentaráði. Sigrún segir mikilvægt að við gerum alla reiða. Arnþór vonar að stúdentar vilji upplýsast um LÍN og vekja þá til umhugsunar á þessum slæmu samningum. Við þurfum að vera dugleg að fræða fólk um samningana.

4. Strætómálin. Nema kort í strætó mun kosta 15.000 kr. fyrir þá sem eiga lögheimili í þeim sveitarfélögum sem aðild eiga að Strætó bs. (niðurgreitt um helming ætti annars að kosta 30.000 kr.). Hildur talar um að þetta sé hræðilegt, ekki það sem við báðum um, fórum fram á fulla niðurgreiðslu og komum með ýmsar lausnir á öllum þeim fundum sem fóru fram. Hildur segir að þau séu búin að tala við Svandísi umhverfisráðherra og bíða svara fráráðuneytinu hennar. Verið að vinna í leiðum til að búa til peninga þar t.d. fella niður ákveðin opinber gjöld til að lækka rekstrarkostnað Strætó en sá peningur myndi svo renna beint inní nemakorta-verkefnið. Eitthvað vesen á umsóknarferlinu inni á síðunni hjá strætó. Nemendaskrá ekki full tilbúin með nemendalista fyrir veturinn né Strætó búinn að biðja um lista, kemst vonandi í lag í lok vikunnar. Sigrún kemur inn á að ríkið tekur 70% af bensínverðinu, væri ekki hægt að lækka þetta hlutfall til Strætó og þar af leiðandi lækka kostnað? Hildur segir að nýlega hafi fallið dómur hjá Evrópu dómstólnum um slíka niðurgreiðslu á olíuverði. Fordæmi þar sem þetta var fellt í öðru landi. Svandís var því ekki hrifin af þeirri hugmynd. Þórunn spyr hvenær von er á þessum svörum frá umhverfisráðuneytinu? Hildur segir að svör komi fljótlega vonandi, enda veturinn er hafinn og fólk getur ekki beðið mikið lengur.

5. Gjaldskyldan. Komnir upp mælur í skeifuna, starfsmenn skrifstofunnar reyndu að komast að því hvenær mælarnir ættu að koma upp, og fyrir um mánuði var ekkert vitað. Ingjaldur var í sumarfrí ásamt öllum, heppilegt fyrir þau því enginn til staðar til að svara fyrir gjaldskylduna. Þeir eru nýlega komnir upp, gjaldskyld stæði frá 1. sept. Mesta sem við getum gert núna er að grátbiðja um að þetta verði fellt niður. Við gefumst ekki upp. Atli B. vill kanna með klukkur í bíla fyrir nemendur. Það er verið að kanna þetta allt (hvað má leggja lengi áður en þú færð sekt eða þarft að borga). Arnþór spyr um brunamálið sem átti sér stað um daginn. Hildur segir að í ágúst hafi verið kveikt í öðrum mælinum og hann gjöreyðilagðist, nýr mælir kostar 2.000.000 kr., ekki komið í ljós hver gerði þetta. Merkilega við þetta er að tjónið er metið upp á 2.000.000. kr. kostnaðurinn er gífurlegur. Langan tíma tekur að vinna upp í þennan startkostnað/ sokkna kostnað.

Fá fund með rektor. Vitum ekki beint markmiðið með mælunum, engin haldbær rök né heldur höfum við fengið greinargóð svör. Virðast ekki vera umhverfissjónarmið enda mun bílunum ekki fækka neitt. Ekki kallaði FS eftir þessu til að bæta aðgengi að sínum þjónustueiningum. Hver eru þá rökin?

6. Akademan og réttindaskrá stúdenta. Verður tilbúin úr uppsetningu í nótt. Prenta í 5.000 eintökum. Stefna á að geta dreift á nýnemadögum í næstu viku, fimmtudag og föstudag. Handbók með handhægum upplýsingum á einum stað, þar er nú nýjungin að réttindaskrá er meðfylgjandi nýuppfærð (ekki verið uppfærð síðan 2003).

7. Nýnemadagar og stúdentadagar. Nýnemadagarí næstu á vegum Háskóla Íslands. Þá er hlutverk SHÍ að fara í gönguferðir um svæðið með nýnema alla dagana. Á mánudeginum er þetta eftir kynningununa í hádeginu kl. 13:30 en hina dagana eru þær kl 12:30. Vaka með 2 og Röskva með 2 alla dagana.

Stúdentadagarnir sem SHÍ skipuleggur eru á fimmtudag og föstudag, hefðbundið snið. Úrslitin í spurningakeppninni og fótboltanum verða á föstudeginum í hádeginu. Vaka vs. Röskva fótboltaleikurinn er á milli úrslitanna kl. 12:00. Svo verður farið inn og úrslitin í spurningakeppninni haldin. Erum komin með Gettu betur settið. FS býður uppá tónleika með Sprengjuhöllinni á fimmtudeginum, tónleikar kl. 16:30 á HT. Atlantsólía gefur pylsur og gos. SHÍ á 90. starfsári og við ætlum að gefa köku. Þó er svolítið vesen með veitingaleyfið en FS fer í málið með Hildi. Tjald með DJ fyrir utan HT. Stúdentaráð verður með borðasetu á fimmtudag og föstudag þar sem fram fer miðasala á ballið og dreifing Akademíu. Ball á föstudeginum sem AM Events er að skipuleggja (2007 þema). Miðaverði haldið í lágmarki. Minnka ballið, það verður haldið á Silfur, Rúbín eða Austur. Miðaverði kringum 1.500 kr., bjór á lágmarksverði og DJ.

8. Stúdentakortin. Háskólinn búinn að taka yfir aðgangskerfið og kortakerfið. Ætluðu upphaflega að skipta þessu í 2 kort, annars vegar skilríki og afsláttarkort og hins vegar aðgangskort sem er greitt væri fyrir en þó með skilagjald. Hinn almenni nemandi ætti því að vera með mörg kort, (greiðslukort, þvottakort, kaffikort, skilríki, aðgangskort, bílastæðakort, afsláttarkort og svo mætti lengi telja). Með alls kyns plotti náðu starfsmenn skrifstofunnar og RHÍ því í gegn að það verður eitt kort áfram. Umsóknarferlið verður á Uglunni, getur valið um að vera bara með skilríki eða hafa aðgangskubbinn í því líka og borga þá sérstaklega fyrir það þegar kortið er sótt á þjónustuborðið. En skilagjald, fæst við lok notkunar.

9. E-bókavæðing. Átti að reyna að prufukeyra þetta í einhverjum deildum, tölvunarfræði og íslensku (2 fög) en það vantaði fjármagn. Nú er menntamálaráðuneytið komið í málið og þar eru þau mjög áhugasöm, vilja E-bókavæða Ísland. Kominn af stað starfshópur sem verður í að vinna rýnivinnu og HÍ á að vera flaggskipið. Hildur situr í þessum starfshóp. E-bækurnar verða vonandi prufukeyrðar í janúar í einhverjum deildum. SHÍ leggur áherslu á að stúdentar hafi valið samt sem áður, þ.e. hvort þeir vilji notast við e-bækur eða hefðbundnar bækur. Bergþóra S. talar um hugmynd sem Þórhildur fékk á fundi hjá menntamálanefnd. Í sambandi við viðbragðisáætlun HÍ vegna svínaflensunnar væri tilvalið fyrir okkur núna að pressa á að fyrirlestrar væru

teknir upp í meiri mæli svo fólk sem er veikt geti nálgast þá á netinu. HÍ á allan tiltækna búnað sem þarf, nú er bara að framkvæma!

10. RIFF. Hildur fjallar um RIFF. Björg Magnúsdóttir ásamt fleirum er að vinna að kvikmyndahátíðinni RIFF og verður að kynna þessa hátíð á Háskólasvæðinu. Ef stúdentaráðsliðar vilja taka þátt í miðasölu fá þeir miða á hátíðina. Látta vita fyrir 10. sept. Miðasalan tekur nokkra daga. Hildur sendir út póst á alla SHÍ-liða þegar nær dregur svo fólk geti skráð sig í miðasölu.

11. Önnur mál.

* Þjónustusamningurinn. Hildur segir að alltaf séu að poppa inn nýjar skuldir og vesen frá fyrri starfsárum. Einhver mál eru í lögfræðinnheimtu, margar skuldir greinilega frá árinu 2007. Ef afgangur myndast vegna Stúdentablaðsins þá fer það í að greiða reikninga. Til að koma til móts við það hefur þjónustusamningurinn hækkað um 25% en sú hækkun kemur einnig til vegna Kennó. Fáum tvískiptan samning 5 + 5 millj og 6 millj í stúdentasjóð, þessar upphæðir hækka um 25%. Nú um 15.000 nemendur í HÍ, ekki gerð hækkun á þjónustusamningi vegna þessa strax, fyrst þarf fólk að skila inn loknum einingum. Við fáum því greitt fyrir þessa nemendafjölgun á næsta ári.

* Rafrænar kosningar. Hildur vill að lagt verði af stað í vinnuna vegna rafrænna kosninga, kalla saman lagabreytinganefnd sem fyrst svo Stúdentaráð geti kosið um tillöguna. Sigrún fer út úr lagabreytingarnefndinni fyrir Þórhildi Baldursdóttur. Svo við getum farið af stað sem fyrst í að prófa kerfið þarf taka ákvörðun, leggja til lagabreytingu og að lokum kjósa um þessa breytingu.

* Landssamtökin. Sigrún vill svar við pósti sínum vegna landssamtakanna. Umræður myndast og fólk spyr af hverju við ættum að hafa svo lágt hlutfall fulltrúa á þinginu þegar við eigum um 75% af stúdentum á Íslandi. Hildur segir að hinir skólarnir græði í raun á því að starfa með SHÍ enda er alltaf haft samband við SHÍ í öllum stórum málum sem varða stúdenta. Allir hvattir til að koma með góðar tillögur að skiptingu á landsþingi LÍH en tillögum SHÍ hefur verið hafnað ítrekað hingað til.

* ESN. Bergþóra S., nefnir að Sigrún Friðriksdóttir hjá ESN hafi haft samband vegna texta á ensku fyrir bækling á þeirra vegum. Anna Sigga er að vinna í textanum sem verður tilbúinn í kvöld.

* 3ja daga fyrirvari. Bergþóra S. með ábendingu um að hafa 3ja daga fyrirvara varðandi fundarboð. Hildur biðst afsökunar á 2ja daga fyrirvaranum, SHÍ fundurinn hliðraðist til vegna FS sem þurfti að flýta kynningunni sinni um einn dag. Það verður passað uppá 3ja daga fyrirvarann í framtíðinni.

* Fastur fundartími SHÍ. Lagt til að fundir SHÍ verði framvegis annan þriðjudag í hverjum mánuði. Tillaga samþykkt.

* Mannabreytingar. Bergþóra S. tilkynnir að Guðmundur Rúnar Ingvarsson sé farinn í skiptinám til Frakklands og að Halla Tryggvadóttir komi í Stúdentaráð í hans stað. Hildur tilkynnir í kjölfarið að Gunnar Skúlason sé farinn í nám í Danmörku og að Þórhildur Baldursdóttir komi í hans stað í Stúdentaráð.

* Rat Race. Anna Sigga segir að næsta miðvikudag verði svokallað "rat race" fyrir erlenda nema við HÍ. Hún ætlar að senda póst á SHÍ um nánari tilhögun en óskar eftir þátttöku SHÍ-liða.

Fundi slitið.

Stúdentaráðsfundur 20. júlí 2009

Kl. 17:00 í HT 301

Mætt eru: Ingólfur Birgir Sigurgeirsson (V), María Finnsdóttir (V), Hildur Björnsdóttir (V), Jóhann Már Helgason (V), Gunnar Skúlason (V), Þórhildur Baldursdóttir (V), Sigrún Ingibjörg Gísladóttir (V), Anna Sigríður Hafliðadóttir (V), Inga Lára Björnsdóttir (V), Íris Gunnarsdóttir (V), Jens Fjalar Skaptason (V), Arnþór Gíslason (V).

Sigurður Kári Árnason (R), Haukur Hólmsteinsson (R), Gabriella Unnur Kristjánsdóttir (R), Brynjar Smári Hermannsson (R), Halla Tryggvadóttir (R).

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Farið yfir ársreikning 2008-2009
3. LÍN
4. Strætómálin
5. Gjaldskyldan
6. Akademían og réttindaskrá stúdenta
7. Nýnemadagar
8. Önnur mál
 1. Fundargerð. Engar athugasemdir.
 2. Ársreikningar. Pétur náði ekki að klára ársreikningana. Reynum enn og aftur næst. Jóhann fer yfir fjárhagsstöðu. Staðan slæm. Háskólinn fékk sér heimabanka og er farinn að rukka gamlar skuldir. Viðskuldum þeim 2,6 milljónir sem verða teknar af þjónustusamningum næstu ára. Jóhann bíður eftir ársreikningum frá

Pétur til að geta séð stöðuna betur. Ársreikningar Péturs verða þó ólöglegir því Alma skilaði aldrei ársreikningum fyrir árið 2007-2008. Hildur segir að skrifstofan sé að vinna að nýjum þjónustusamningi. Reynum að fá hærri samning vegna sameiningarinnar við KHÍ. Ætti allt að skýrast í ágúst mánuði þegar starfsfólk Háskólans kemur úr sumarfrí.

3. LÍN. Arnþór, fer yfir óbreytta stöðu, Katrín ekki enn búin að skrifa undir. nýjar úthlutunarreglur. Hugmynd frá fjármálanefnd að krefjast réttlætningar frá stjórnvöldum á úthlutunarreglunum, hvernig við eigum að geta lifað á þessu? Sigrún Ingibjörg vill kæra málið til Umboðsmanns Alþingis. Arnþór segir að við förum í hörku þegar það liggur fyrir hvað Katrín ætlar að gera. Hildur segir að það sé nú þegar farin af stað vinna hvað varðar kæru til Umboðsmanns Alþingis sem ætti að skýrast fljótlega. Eru með lögfræðing í málinu. Jens Fjalar spyr hvenær við getum búist við að Katrín skrifi undir úthlutunarreglurnar? Ingólfur segir það óljóst en upphaflega hafi þetta tafist vegna einhverra mála sem hugsanlega ættu að koma inn í næstu samningum. Næstu skref eru að skrifa greinar, ályktanir og fleira til að skapa þrýsting.

4. Strætó. Stjórn Strætó bs. búin að taka ákvörðun um að bjóða nemakort (9 mánaða kort) á 15.000 kr., þ.e. 50% afsláttur af heildarverði. Hildur segir almenna óánægju ríkja um niðurstöðuna, Strætó hafi ekki staðið við orð sín um að vera í góðu samráði við SHÍ um alla ákvarðanatöku. Gísli Marteinn hefur að eigin frumkvæði haft samband við skrifstofu SHÍ nokkrum sinnum varðandi strætómálin. Hann segir ekki alla von úti enn - er sjálfur í miklum viðræðum við Reykjavíkurborg, umhverfisráðherra og samgönguráðherra um að koma að enn frekari niðurgreiðslu. Hildur hefur ítrekað reynt að fá fund með umhverfisráðherra en fengið mjög neikvæð viðbrögð frá ráðuneytinu, þá sérstaklega ritara ráðherra. Hún náði þó líklega að fá fund 11. ágúst næstkomandi, þar sem ritarinn er í sumarfrí og sumarstarfsmaður ráðuneytisins náði að finna fundartíma. Haukur segir að þegar Reykjavíkurborg taki ákvörðun í málinu þá hljóti sú ákvörðun einungis að gilda um íbúa borgarinnar. Hildur segir það rétt en að hin sveitafélögin ætli sér að öllum líkindum að fylgja fordæmi Reykjavíkurborgar, það hafi í það minnsta komið fram í svarbréfum frá flestum sveitafélögum landsins, en SHÍ sendi erindi á öll sveitafélögin í landinu varðandi almenningssamgöngur fyrr í vetur. Sigrún tekur fram að mikill meirihluti stúdenta búi í Reykjavík svo hin minni sveitafélögin hljóti að geta fylgt fordæmi borgarinnar með svo fáa nemendum á sinni ábyrgð. Hildur segir að það muni kosta um 150-200 milljónir að niðurgreiða námsmannakortin algerlega, en þá sé miðað við tölur frá í fyrra. María leggur áherlsu á hversu stutt er í haustið, spyr hvort það sé einhver tímarammi? Hildur miðar við að lausnir og svör fáiast í málinu í ágúst. Það muni fara af stað miklar viðræður um að lækka kostnað við nemakortin þó markmiðið sé auðvitað alltaf núll.

5. Gjaldskyldan. Hildur segir að flestir starfsmenn Háskólans séu í sumarfrí og því erfitt að ná í nokkurn mann varðandi málið. Ingjaldur svarar hvorki síma né tölvupóstum, er líklega í sumarfrí. Óljóst hvort og þá hvenær gjaldmælarnir komi upp í haust.

6. Akademían og réttindaskráin. Akademían verður prentuð í svipaðri stærð og í fyrra - markmiðið að skapa skemmtilega handbók með gagnlegum

upplýsingum fyrir stúdenta. Réttindaskrá stúdenta hefur ekki verið endurnýjuð í 7 ár og því löngu tímabært að uppfæra hana. Hún verður stór partur af Akadémíunni í ár. Anna Sigríður, formaður alþjóðanefndar, lagði til að Akadémíunni yrði breytt frá fyrra ári, þ.e. að hún yrði einungis á íslensku en ekki bæði íslensku og ensku. Þess í stað yrði gefinn út sérstakur bæklingur fyrir erlenda nema í samstarfi við alþjóðaskrifstofu HÍ. Alþjóðanefnd SHÍ myndi svo sjá um að þýða réttindaskrá stúdenta yfir á ensku. Akadémían ætti að vera tilbúin á nýnemadögum í haust.

7. Stúdentadagar. Nýnemavikan sem Háskóli Íslands er að skipuleggja í samstarfi við námsráðgjöf og SHÍ verður vikuna 31. ágúst - 4. september. SHÍ mun svo standa að stúdentadögum 3. og 4. september. Félagslífsnefnd fer með yfirumsjón þeirra daga í samstarfi við skrifstofu SHÍ og öll nemendafélögin. Að vanda verður fótboltamót og spurningakeppni en nú er jafnvel verið að ræða um dodge-ball mót og ræðukeppni. Stúdentaráð á að vera með gönguferðirnar á nýnemadögum og sýna skólann - mánudag til miðvikudags. AM Events mun svo sjá um að skipuleggja nýnemaballið föstudaginn 4. september. Aðsókn á síðustu böll hefur ekki verið nógu góð, hugmyndir uppi um að panta minni stað (t.d. Þjóðleikhúskjallarann) svo mögulegt verði að halda bjór- og miðaverði í algjöru lágmarki. Anna Sigríður, formaður alþjóðanefndar, minnst á gott nýtt átak hjá alþjóðaskrifstofu HÍ að þvinga deildirnar til að hafa kynningarfundir fyrir erlenda nema, þeir virðast oft gleymast og týnast í skólanum. Hildur segist hafa boðað til formannafundar með nemendafélögunum næsta mánudag þar sem farið verði yfir allt skipulag nýnemadaganna og nemendafélögin hvött til að taka þátt. Sigrún ítrekar að nemendafélögin og deildirnar verði að huga meira að erlendum nemum, t.d. hvað varðar enskar þýðingar í tilkynningarpóstum. Sigurður Kári spyr hvenær skipulag stúdentadaganna hefjist? Hildur segir það þegar hafið og að skýr mynd fari að koma á hlutina á næstu dögum.

8. Önnur mál.

* Landssamtök íslenskra háskólanema. Sigrún Ingibjörg segir mjög erfitt að eiga við hina minni háskólana hvað varðar fjölda fulltrúa sem hver skóli á að fá í LÍH. Háskóli Íslands eigi um 75% af öllum stúdentum á Íslandi og sé því í ráðandi stöðu - það líki hinum háskólunum illa. Sigrún ætlar að senda tillögu að fulltrúaskiptingu á Stúdentaráð og óskar eftir viðbrögðum. Gott að hafa í huga að hinir skólarnir munu aldrei samþykkja að SHÍ hafi meira en 50% hluta fulltrúanna sem er skiljanlegt. Við þurfum þó að fá ásættanlegan fjölda.

* Álagningar á skrásetningargjöldin. Arnþór fjallar um vanefndarálagið sem lagðist á þá nemendur sem greiddu ekki fyrir 10. júlí, jafnvel þó eindagi væri ekki fyrr en í ágúst. Vafaatriði hvort þetta standist lög, líklega um brot á lögum um opinbera háskóla að ræða. Einnig brot á bankahefð að leggja vanefndarálag á greiðslur fyrir eindaga. Álagningin er 15% eða tæpar 7.000 kr. Í lögum um opinbera háskóla er heimild til að leggja 15% vanefndaálag á þá nemendur sem fá leyfi til að skrá sig utan auglýsts skráningatíma. Alveg ljóst að auglýstur skráningatími er í mars/apríl og mikill útúrslúningur hjá Háskólanum að segja greiðslu skráningagjaldanna fela í sér skráningu. Kristín, sem er yfir nemendaskránni, er búin að fá fjölda kvartana, hún er sammála því að þetta sé undarlegt fyrirkomulag og ætlar að ganga í málið með SHÍ. Arnþór ætlar að

skrifa ályktun sem verður send á fjármálanefnd og svo út fyrir miðnætti. Þurfum að vera hávær í þessu máli, þetta eru miklir peningar fyrir stúdenta, sérstaklega á tímum sem þessum.

* E-bækurnar. Haukur spyr hver staðan sé á e-bókunum. Hildur segir þá vinnu enn vera í fullum gangi en hún er í stöðugu sambandi við Björn, manninn sem kom upphaflega með hugmyndina. Ætlunin sé að finna einhverjar 1-2 deildir til að prufukeyra e-bækurnar, lagadeild hafi hafnað því tilboði og enn standi yfir leit að tilraunadeild. Háskóli Íslands er, ótrúlegt en satt, mjög spenntur fyrir hugmyndinni og vill vera frumkvöðull á Íslandi í e-bókavæðingu. E-bækur munu fela í sér mikinn sparnað fyrir stúdenta við bókakaup, eða um 60%. Staðan sé svolítið óljós núna en þetta ætti að skýrast á næstu dögum og vikum.

Fundi slitið.

Stúdentaráðsfundur 10. júní 2009

kl. 17 í HT 301

Mætt eru: Ingólfur Birgir Sigurgeirsson (V), María Finnsdóttir (V), Hildur Björnsdóttir (V), Jóhann Már Helgason (V), Gunnar Skúlason (V), Þórhildur Baldursdóttir (V), Sigrún Ingibjörg Gísladóttir (V), Anna Sigríður Hafliðadóttir (V), Inga Lára Björnsdóttir (V).

Sigurður Kári Árnason (R), Bergþóra Benediktsdóttir (R), Gabríela Unnur Kristjánsdóttir (R), Lilja Ósk Magnúsdóttir (R), Halla Tryggvadóttir (R), Þorleifur Örn Gunnarsson (R), Þórhalla Rein (R).

- Dagskrá:
1. Fundargerð síðasta fundar
 2. Lánasjóðssamningarnir
 3. Samstöðufundur námsmanna
 4. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Ingólfur fer í updeit á LÍN málum. Ekkert meira fjármagn fer í sjóðinn, óbreyttar tölur frá fyrri samningum. Einhver tilfærsla fjár frá félagsmálaráðuneytinu yfir til LÍN er til skoðunar. Ríkisstjórnarfundur á föstudag, þar sem Katrín hyggst leggja fram tillögur um tilfærslu fjár og

endurskoðun á úthlutunarreglunum sem verða undirritaðar á morgun af meirihluta stjórnar LÍN. Minnihlutinn ætlar ekki að skrifa undir. Ingólfur rennur yfir nýjar úthlutunarreglur og breytingatillögur.

* Breytingar á kafla 1.1 til að henda út láni sem er skipulagt með vinnu, nám þarf að vera skipulagt sem 100% nám (eða 30 ECTS einingar á önn þó að námsframvindan þurfi ekki öll að nást á einni önn).

* Lánað fyrir 100% skólagjöldum en næsta vetur verður líklega sett inn ákvæði um að LÍN láni einungis fyrir 75% skólagjalda. Gunnar Skúla spyr hvort það verði afturvirktt t.d. fyrir fólk sem er á fyrsta ári núna. Þetta verður ekki afturvirktt, þeir sem eru núna í námi munu áfram fá lánað fyrir 100% námslánanna.

* Kannað möguleikana á því að taka upp frítekjumark við milljón. Þá þarf að vera a.m.k. 30- 40% tekjuskerðing skv. réttu reiknilíkani, umræður myndast hvað við viljum gera. Ræðum hvað hentar hverjum hópi, hvaða hópar neyðast til að vinna með skóla og þurfa að komast af án skerðingar. Við viljum ekki taka upp frítekjumark miðað við gefna útreikninga, sammála um leið tvö (sjá töflu hjá Ingólfi) sé best þó að hún sé dýrust fyrir sjóðinn viljum lækka tekjuskerðingu. Kosið á fundi þar sem þetta er síðasta boð og síðasta tilraun okkar til samningaviðræðna þó við séum ekki sátt við þennan kost.

Skrifað undir úthlutunarreglur á stjórnarfundi LÍN á morgun kl 16. Umræða um að reyna að fresta undirskrift. Katrín mun ekki skrifa undir fyrir helgi þó að stjórnin geri það.

3. Rætt um samstöðufund námsmanna sem SHÍ mun standa fyrir í samstarfi við aðrar hagsmunahreyfingar námsmanna fimmtudaginn 11. júní kl. 16 á Austurvelli. Ætlað að vera eins konar friðsamleg mótmæli gegn nýjum úthlutunarreglum. Ætlum líklega að gefa hafragraut sem er táknrænt fyrir fjárhagslega stöðu námsmanna ef skrifað verður undir úthlutunarreglurnar.

4. Önnur mál. Hildur ræðir um e-bókavæðingu innan Háskóla Íslands. Allir sammála um að þetta sé góð lausn á tímum þessum sérstaklega þar sem þetta mun fela í sér 50-60% sparnað í bókakaupum fyrir nemendur. Þó voru allir einnig sammála um það að nemendur yrðu að hafa valkost - hvort þeir vildu nota e-bækur eða hefðbundnar bækur.

Fundi slitið.

Stúdentaráðsfundur 25 maí 2009

kl. 17:00 HT st. 301

Viðstaddir fundarmenn: Jens Fjalar Skaptason (V), María Finnsdóttir (V), Jóhann Már Helgason (V), Ingólfur Birgir Sigurgeirsson (V), Inga Lára Björnsdóttir (V), Atli Bjarnason (V), Bjarni Helgason (V), Sigrún Magnea Þráinsdóttir (V),

Pórhildur Baldursdóttir(V), Arnþór Gíslason (V), Anna Sigríður Hafliðadóttir(V), Sigrún Ingibjörg Gísladóttir (V).

Gabríela Unnur (R), Sigurður Kári Árnason (R), Óttar G. Birgisson (R), Þorleifur Örn Gunnarsson (R), Agnar Burgess (R), Bergþóra Snæbjörnsdóttir (R), Brynjar S.Hermannsson (R), Bergþóra Benediktsdóttir (R), Lilja Ósk Magnúsdóttir (R).

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Farið yfir ársreikning 2008-2009
3. Update af skrifstofu
4. Strætó
5. Gjaldskyldan
6. LÍN
7. Update af ráðherrafundi (Anna Sigga)
8. Háskóli unga fólksins
9. Önnur mál

Fundursettur kl. 17:00.

- 1.Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt með smá breytingu.

- 2.Farið yfir ársreikninga

Pétur ekki tilbúinn með ársreikninga. Jói fer aðeins yfir stöðuna. En þarf að fá reikninga frá Pétri til að hafa það á hreinu. Mikið af litlum reikningum aðdetta inn frá fyrra starfsári. Verða gerðir þjónustusamningar fyrir veturinn. Halda að okkur spöðunum. Bókhald opið allir geta komið og rætt við Jóhann. Sigrún segir það hræðilegt að ársreikningur árið þar áður vanta líka. Það kom upp vandamál hjá KPMG. Jóhann átti að fara að fara yfir færslur 2007 til að aðstoða KPMG en margt sem vantar þar inn sem hann hefur ekki skýringu á sem Alma hefði átt að skila, tvö tímabil sem vantar frá Ölm, Jói á bréf yfir þær færslur sem vantar og tölurverðar upphæðir.

Bergþóra spyr hvort farið hafi verið yfir þetta í fyrra hjá ráðinu. Já.

Sigurður Kári spyr varðandi orð Jóa að bjóða út þessa vinnu, KPMG er allt ofdýrt. Farið yfir þessi mál þegar að fleira hefur komið í ljós. Jói er farinn í þá vinnu.

Bergþóra, man ekki sérstaklega eftir að þetta hafi verið tekið fyrir á fundi í fyrra.

Atli B. man eftir að þetta kom upp fyrir löngu á stjórnarfundum. Bendir á að fullt af fólki geti gert þetta sem kostar nú hálfa milljón og skilar engum árangri.

Jói: SHÍ fer í útboð. Segist hafa viljað vera búinn að því ef það hefði verið möguleiki.

María: þegar búíð er að gera upp árið 2008 þá verður farið í útboð.

Bergþóra S: Hvað með Ölmú?

Jói: Pétur og ég höfum verið að tala við hana þeir eru í málinu.

3.Update af skrifstofu: Ingólfur og Jóhann fara í updeit af skrifstofu.

- * Ritstjóri auglýstur í gær.

- * Stærsta úthlutun greiningasjóðsins, sjóðurinn tæmdist stærsta úthlutun frá upphafi. Verið að finna leiðir til að fá fjármagn. Tala við Menntamálaráðuneytið. Hann var tómur, en hluti af Atlantsólúsamningnum fór í sjóðinn núna. Félagslífsnefnd gæti farið í að halda styrktartónleika. Ellefu sóttu um og allir fengu styrk. Inga fór yfir hvernig greiningarnar skiptust.

- * Sumaropnun SHÍ, ósk frá starfsmönnum skrifstofunnar að hafa opið kl 8-16 fram yfir júlí/ágúst. Allir samþykkir.

- * Réttindaskrifstofan updeit. Misjafnt gengi varðandi einkunnaskil. Brjáláð að gera hjá hagsmunafulltrúa, kvartanir vegna einkunnaskila og vegna birtingu á gömlum prófum um 70 mál og nóg að gera stanslaust í því. Misjöfn mál varðandi prófin. Sigurður Kári bendir á skrýtna uppfærsla á Uglunni varðandi einkunnaskila-yfirlitið. Allir sammála um að við verðum að fara í átak varðandi uppfærslu á yfirliti einkunnaskila og eins herferð í að fá gömul próf og fleira. Næsta haust samþykkt liggur fyrir um að það verði 2 vikna skilafrestur á einkunnum. 29. maí er skiladagur allra sama hvað langt er liðið óháð þessum 3 vikna skilafresti sem er nú. Umræða myndast hvað er hægt að gera til að ýta á deildirnar að skila á réttum tíma. Eins varðandi aðgengi að gömlum prófum, að sýna ekki gömul próf hvort sem það eru krossapróf eða ekki er brot á stjórnsýslulögum. Förunum í umræður hvað er hægt að gera fyrir næstu prófatíð.

- * Borgarafundurinn sem var haldinn. Ánægja ríkti þó salurinn hafi ekki fyllst, um 400 mættu almenn ánægja ríkir með afraksturinn.

4-5.Strætó og gjaldskyldan: Jóhann fer í updeit:

Tveir mánuðir síðan þau hittu fyrst Jórinni stjórnarformann Strætó bs. Þá átti eftir að endurfjármagna og sjá stöðuna. Nú liggur það fyrir og Strætó skuldar 1,5 milljarð. Það var högg á verkefnið. Sendur var póstur á öll sveitarfélög landsins um að mismuna ekki stúdentum eftir búsetu og hvatning til að leggja fjármagn í verkefnið. Svör komu hægt og rólega og alltaf er bent á Reykjavíkurborg. Sveitarfélögin tilbúin að svara eftir að ljóst væri hvað Rvk myndi gera. Starfsmenn SHÍ vildu fund með borgarstjóra, sem vísaði á Þorbjörgu Helgu borgarfulltrúa sem er þeirra fulltrúi í þessu verkefni. Sagði borgina hrifna af verkefninu en lítið um lausnir. SHÍ kom með rök um umhverfisvænni kost og sparnað á gatnakerfi og fleira. Hún sagði að ef vekrefnið yrði blásið af vegna fjárhags þá fengu allir nemar góðan afslátt. Benti á að ríkið yrði að koma að verkefninu ef þetta ætti að vera mögulegt. Þá fóru starfsmenn í að senda bréf á

ráðherra, samgöngunefnd Alþingis og fleiri ráðuneyti en ekki enn komin svör. Samgönguhópin vantaði betra upplýsingaflæði og Jói tekur það á sig og mun bæta upplýsingaflæði varðandi þetta mál. Fundur búinn að vera í hópnum og verður fljótlega aftur mun móta áætlun varðandi okkar næstu skref. Viljum vera hvöss.

Gjaldskyldan - hvetja áfram alla til að skrifa undir. Sú undirskriftarsöfnun heldur áfram þangað til hún verður borin undir Háskólaráð.

Bergþóra: Röskva dreifði bókun, varðandi samgöngumál vantar upplýsingar og fleira. Finnast SHÍ ekki mikið í fjölmiðlum, finnst ekki heyrast nóg frá SHÍ. Þarf að fara í herferð og vera augljósari. T.d. koma af stað undirskriftarsöfnun. Viljum senda út ályktun í nafni SHÍ.

Sigurður Kári: hvenær koma Stöðumælarnir? nú heyrir maður opinberlega varðandi að það á að koma fleiri stöðumælur - er það pott þétt af hálfu borgarinnar. Ingó segir að stöðumælarnir komi í haust í skeifuna og lögberg og Odda. Og það væru á plani skólans að flæri stæði færu undir byggingar og stæði færu neðanjarðar og yrðu gjaldskyld. Siggi Kári: persónuleg skoðun að einbeita sér að fyrirbyggjandi aðgerðum varðandi gjaldskyldu á fleiri stæðum. hefjast strax handa.

Sigrún: Garðabær tók ekki þátt í verkefninu en seldi árskort á 6000 (eða 5000 kr. á mán) en árskort kostar annars tæplega 40.000 kr. Pointið með þessu korti væri til að fá þá sem virkilega myndu nota kortið. Jói minnst á að þetta kom upp á samgönguhóparfundi þar sem verður farið í áætlanir varðandi kröfur og afslætti og þess háttar ef að verkefnið dettur upp fyrir. Herja á fjölmiðlana. Jói kemur inn á ásökun á Stúdentaráð verðum að passa okkur hverja Stúdentaráð stendur fyrir verðum að berjast ötullega fyrir báðum hópum bæði Strætó og þeim sem geta ekki komist hjá því að nota einkabílinn og viljum ekki að þeir borgi í stöðumæli.

Anna Sigga: er að tala um að við tökum ekki nei fyrir svar varðandi frítt í strætó - talar um að kennarar í viðskiptafræðideild eru mjög hlynntir gjaldskyldu.

Lilja: Talar um lausnir varðandi verkefnið ef svarið er nei. Þá mikilvægt að við séum búin að vinna að lausnum. verðum að vera tilbúin með lausnir.

Bergþóra: Skýr vilji að allir vilja frítt í strætó. Ákveðum eitthvað skýrt hvað við ætlum að gera. Til dæmis senda strax ályktun. Svára því sem Jórunn sagði í Fréttablaðinu. verðum að aðskilja málin tvö. Leggja áherslu á að forgangsraða Strætómálinu til að beita okkur fyrir hagsmunum allra stúdenta. Ekki verið að tala um að fjölskyldufólk eigi ekki að vera á bíl. Þurfum líka undirskriftarsöfnun varðandi strætó.

Gabríela: Bæta samgöngur, er á langtímaplani ættum að nota það sem rök.

Þórhildur: Fáir sem nota strætó - rök strætó. Eru þau rök gild. Þetta er þjónusta sem miklu fleiri eru að fara að nýta sér nú næsta vetur.

María Finns: Vill ítreka það að svара Jórunni með ályktun. Setja okkur í samband við SÍF. Senda út ályktun. Fá stjórn til að samþykkja.

Þorleifur: Af hverju var ekki brugðist við umræðum í Háskólaráði um frítt í strætóverkefnið. Hver er kostnaðurinn við þetta verkefni, áætlun. Heildarbudget strætó. Bera það saman við hver er kostnaður Reykjavíkurborgar ER við að malbika.

6. LÍN málin

Stjórn og fjármálanefnd héldu fund með LÍN. Fóru yfir það sem er í gangi. Mikið bundið trúnaði. Búið að fara yfir allar reglurnar, tvisvar. Það kom upp hugmynd um það að hætta að lána í háskólabrú (trúnaðarmál). Ekki lánað í frumgreinadeildir (trúnaðarmál). Það á kannski ekki að hætta að lána í þetta í einum rykk. Það er verið að endurskoða með skólagjöld. Lána bara hluta af þeim. Endurskoða að lána með nám með vinnu (MBA nám detti þá út). Laga texta laganna. Hann var tekinn í gegn í fyrra og er samt óskiljanlegur. Farið aftur yfir þetta. Það þarf að skoða hversu hátt hlutfall á að borga til þeirra sem búa í heimahúsi. Lánasjóðurinn þarf að spara milljarð. Það er verið að leita að þessum pening.

Fundur tvisvar til þrisvar í viku. Það er stopp núna þangað til við vitum hversu mikið við fáum. Hvort er hægt að hækka framfærsluna þá og hægt að reikna grunninn uppá nýtt.

Það var sett af stað nefnd út af ábyrgðamannakerfinu. Ingólfur er í þeirri nefnd. Settu niður kosti og galla eða hvernig þetta lítur út fyrir Lánasjóðinn. Spurningin var sú hvort ætti að fella út ábyrgðamannakerfinu fyrir alla sem áður hafa tekið lán. 40.000 manns skuldabreyting. Lánasjóðurinn var hrifinn af því þeir sem eru í háskólanámi núna fá að taka nýtt skuldabréf án ábyrgðamanns í haust fyrir þá sem eru með vanhæfa ábyrgðamenn. Þeir sem byrja að fá lánað í haust þurfa ekki ábyrgðarmenn.

Agnar: hvaða stefnu erum við að reka innl í sjóðnum? Hvað erum við að leggja áherslu á og hvar erum við að spyrna á móti?

Ingólfur: Við höfum sagt nei við að skera á skólagjöldin. Umræðan er í gangi, bundið trúnaði og við getum ekki farið í blöðin. Ingólfur og Raket (BÍSN) hafa látið vita að stúdentaráð HÍ og stúdentaráð HR samþykki ekki samningana verði ekki farið að kröfum þeirra. Við höfum verið að segja að við viljum ekki frítekjumarkið fyrir neðan milljón.

Bergþóra: Við verðum að taka mjög harða afstöðu gegn 75% láni. Við getum alveg sæst á að í HR geti fólk bara fengið svoleiðis lán. Ef maður fer erlendis í nám þá er beinlínis verið að segja að bara þeir sem eru af efnamiklu fólki geti bara farið út. Ánægð með skýra afstöðu. Hvað er verið að gera fyrir fjölskyldufólk?

Ingólfur: segir að þegar það er skipt forræði þá eiga ekki bara lánin að fara á annað foreldrið. Eru að berjast fyrir því. Bergþóra og Ingólfur ræddu þetta aðeins. Umræða um einstæða foreldra. Atli bætti við að það þyrfti að gæta að því að einstæðum foreldrum væri ekki mismunað.

Sigurður Kári: Spyr um verðbólguna. Það að grunnurinn verði 136.000 kr sé til að leiðrétta verðbólguna. Var svo að velta fyrir sér varðandi 11 milljónir sem

gætu hugsanlega hafa lekið til dóttur formanns. Vill að við hugsanlega krefjumst þess að innri endurskoðun sé gerð. Ingólfur ræddi þetta aðeins við þá á nefndarfundum, óformlega. Þetta er eitthvað síðan 1992. Niðurstaðan var sú að stærsta skyssan var sú að þetta væri dóttir hans, ekki að þetta væri of há upphæð. Sameiginleg ákvörðun að ríkisendurskoðandi skoði þetta mál.

Sigurður Kári vill benda á: Getum við boðað til stúdentaráðsfundar áður en þetta verður samþykkt. Ingólfur er búinn að krefjast þess að við fáum tíma. Reynum að vera samstíga SHÍ og BÍSN. Þetta verður rætt í sátt. Fjármálanefnd hittist og svo stúdentaráð sem verður í starholunum.

Bergþóra: Styður að við höfum fund á eftir fjármálanefndarfundinum. Getum við hvatt Menntamálaráðuneytið til að setja pening í LÍN þó svo að við séum ekki að brjóta trúnað?

Ingólfur: já gerum þetta í samstarfi og sendum á Menntamálaráðherra og Fjármálaráðherra.

Bergþóra spyr: Getum við búið til bréf fyrir föstudaginn?

Sigrún: Það er ríkisstjórnarfundur í fyrramálið. Eigum við að gera þetta þá? Nei gerum þetta frekar öll í sameiningu.

Ingólfur: Í samráði við Rakel. Velti upp umræðunni um Keili (trúnaðarmál). Við erum ekki að vinna fyrir Keili. Þó svo að það megi líta á þetta sem ákveðið jafnréttismál fyrir stúdenta sem vilja koma í HÍ. Er komin einhver tala á hversu margir hafa innritað sig? Ingólfur segir að svo sé ekki.

Bergþóra: Vilt þú Ingólfur ekki tala við Rakel um að gera eitthvað á föstudaginn. Bíðum við ekki spennt eftir fundarboði þegar samningarnir eru komnir.

Ingólfur: samþykkir það.

7. Updeit af ráðherrafundi

Anna Sigga uppfærir stúdentaráð: Það er rosalega margt í þessu sem við getum nýtt okkur.

Esu hefur aldrei fengið að tala eins mikið og þeir fengu að tala núna.

Hagsmunaaðilar fengu að tala núna. Þeir eru að taka fram í þessu plaggi sem var dreift að samfélögin eru í algjörrri krísu og þeir taka tillit til þess. Inn í social dimension. 23. þurfum að passa okkur á. Eigum við að vera hrædd við þetta? Snúum þessu okkur í hag. (Sjá plagg frá Önnu Siggu.)

Bolognanefnd Menntamálaráðuneytisins og við erum með fulltrúa. Jens er fulltrúi. Lætur okkur vita. Erum með stúdenta með í ráðum í íslenska innleiðingarferlinu. Bergþóra spurði hvort að Ísland hefði talað?

Anna Sigga: Nei, þau vildu ekki tala. Anna Sigga hvatti þau til þess. Mjög leiðinlegt að þau gerði það ekki. Skammarlegt.

8. Háskóli Unga fólksins

Á mánudaginn 8. júní. Okkur vantar fólk til að vera frá 9-12 til að koma og taka á móti. Kemur út e-mail, ítrekun til að fólk geti skráð sig á lista.

9. Önnur mál:

Búið að taka fyrir bókunina.

Fundi slitið.

Stúdentaráðsfundur 31. mars 2009.

Viðstaddir fundamenn:

Hildur Björnsdóttir (Vaka), Ingólfur Birgir Sigurgeirsson (Vaka), Jóhann Már Helgason (Vaka), María Finnsdóttir (Vaka), Sigrún Ingibjörg Gísladóttir (Vaka), Anna Sigríður Hafliðardóttir (Vaka), Jens Fjalar Skaptason (Vaka), Aðalbjörg Ósk Gunnarsdóttir (Vaka), Gunnar Skúlason (Vaka), Inga Lára Björnsdóttir (Vaka), Aron Þór Leifsson (Vaka).

Bergþóra Snæbjörnsdóttir (Röskva), Þorleifur Örn Gunnarsson (Röskva), Þórunn Elísabet Bogadóttir (Röskva), Brynjar Smári Hermannsson (Röskva), Sigurður Kári Árnason (Röskva), Bergþóra Benediktsdóttir (Röskva), Gabriela Unnur Kristjánsdóttir (Röskva), Halla Tryggvadóttir (Röskva).

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Framkvæmdarstjóri SHÍ
3. Jafnréttismál
4. Sumarannir
5. Borgarafundur stúdenta
6. Bókun um ábyrgðarmenn lána
7. Önnur mál

Fundur settur 17:00

1. Fundargerð síðasta fundar erlesin af fundarmönnum. Bergþóra Snæbjörns spyr hvort að bókanir séu ekki settar með fundargerð, svo að allir fundarmenn geti nálgast bókanir beggja fylkinga.

2. Framkvæmdarstjóri SHÍ. Hildur gefur Bergþóru Snæbjörnsorðið, Bergþóra, segist vilja heyra í fundarmönnum, hvort að það stæði til aðvísa í lagabreytingar breytingartillögum varðandi ráðningarferlið sjálft. Hildur segist gjarnan vilja vísa þessu í lagabreytinganefnd. Bergþóra, spyr hvort við séum ekki öll sammála um að það þurfi að endurskoða þettaráðningarferli. María Finnsdóttir segir að það þurfi að skoða athugasemdir sem hafi verið gerðar, segist vilja skoða allt þetta mál betur. Sigurður Kári segir framkvæmdastjórann aðallega sjá um bókhald, og fjárhagsleg mál Stúdentaráðs, ogað hugsanlega þyrfti að ráða í staðinn sérstakan bókhaldsmann. Einnig bendir hann á að hægt sé að taka skrifstofu stúdentaráðs menntavísindasviðs tilfyrirmyndar. Þorleifur, leggur til ráðið verði í starfið á pólitískum forsendum, og að starfsmaðurinn myndi þá vera hægrimaður formanns, þar með yrði þessu komið í form sem flestir gætu eflaust verið sammálaum.

Inga Lára, talar um framkvæmdarstjóra KHÍ og að þar sé skipulagið þannig að það eru í raun tveir formenn. Framkvæmdastjóri KHÍ og formaður hafa unnið mjög náið saman, skipt fundum á milli sín og fleira. Hún bendir einnig á að það sé þá ekki hægt að taka KHÍ sem gott dæmi. Bergþóra Snæbjörns bendir á að hugmyndin sé sú að hafa þessa tvo "turna" inni á skrifstofunni, varaformann og formann og vísar þá til mikilssamstarfs Ingu Láru og Júlíu. Hægt sé að spara peninginn sem fer til KPMG og ráða þess í stað sérstakan starfsmann sem sér um bókhaldið. Sigrún Ingibjörg ersammála Þorleifi um að það þurfi að koma á einhverju kerfi sem fólk er almenntsátt við, peningur sem að er að fara í KPMG er nóg til þess að ráða framkvæmdarstjóra eða bókhaldara. Þarf að skoða hvernig er best að skipta þessuniður.

Bergþóra Ben bendir á að við þurfum að hætta að tala um þetta sem faglega ráðningu, frekar að tala um þetta sem pólitíska ráðningu.

Þórunn segir að það skipti ekki öllumáli, hvort að einstaklingurinn sé titlaður sem varaformaður eða framkvæmdastjóri, að það séu þá ekki gerðar þessar kröfur til bókhaldsþekkingar. Með því er hægt að koma í veg fyrir deilur. Auglýsingin hefði heldur átt að verið miðuð í þessa pólitísku átt. Á hverju ári kemur upp sama deilan, því það er ekki endilega verið að ráðaeingöngu á faglegum ráðum.

Hildur leggur til að málinu verði vísað til lagabreytingarnefndar

3. Jafnréttismál.

Siðareglur

Bergþóra býður Þórunni og Þorleifi að kynna það sem þau hafa til málanna að leggja. Þórunn bendir á að hjánemendafélögum skólans hafi komið upp nokkur dæmi um svokallaða vafasamahegðun. Þessi hegðun hefur birst í útgáfum og á svokölluðum karla og kvennakvöldum félaganna, þar sem í einhverjum tilfellum eru fengnar innfatafellur og heimsóttir eru súlustaði. Halla kannaði málin og segir að fyrirnokkrum árum hafi verið sest niður með formönnum nemendafélaga og talað um að þetta skyldi ekki tíðkast innan HÍ. Það þarf að vera ákveðinn rammi utan um þessi mál. Það sem Röskvu langaði að leggja til var að það yrði komið á einskonar siðarreglum SHÍ um hvað nemendafélögin mættu og

mættu ekki gera. Þaumættu ekki stuðla að útgáfu þar sem einhvers konar lítillækkun fer fram. Gætumnotað stúdentasjóðinn sem vopn, þar sem svona útgáfa yrði ekki styrkt afsjóðnum. Styrkjum er úthlutað eftir á og væri því vel hægt að fylgjast með þessum málum. Röskvuliðar leggja til að málið verði tekið upp á næstaformannafundi.

Bergþóra Snæbjörns segir að þau séu ekki að fara að setja niður stífar reglur um hvað nemendafélög mega gera og hvað ekki, en þau setja spurningarmerki við hvort þetta sé eðlilegt, að félög séu aðstanda að svona útgáfu og ferðum. Þeim finnst þetta ekki eðlileg hegðun innanháskólasamfélagsins. Þórunn bætir við að við getum öll haft mimsunandiskoðanir, þetta er háskólasamfélag og það eru skiptar skoðanir um þessi mál. Þetta er það stór siðferðisspurning.

Sigrún Ingibjörg kemur með spurningum hversu langt við eigum að fara í þessum málum, og hversu langt við getum gengið. Hún segist persónulega vera á móti Puma því þau nota börn viðframleiðslu sína, og mörg fyrirtæki eru að gera vafasama hluti. Hvar leggjum við línurnar um hvað er vafasamt? Þórunn segir að það sé verið að meina að þegar nemendur eða einstaklingar úti í bæ sjá auglýsingarnar t.d. frá Goldfinger sé það ekki sami hlutur og þegar folk sér Puma merkið.

Bergþóra bendir á umræðuna sem er í þjóðfélaginu um að gera stripp ólöglegt á Íslandi, þessir staðir tengjast mannsali. Við getum þelt í því hversu langt við eigum að fara eða taka lítið skref og láta það skref nægja í bili? Anna Sigríður segir að það sé alltaf hægt að sniðganga reglurnar. Þar sem ákveðnir hópar halda þessi umræddu kvöld en ekki nemendafélagin sjálf, eins og til að mynda Tradition í viðskiptafræðinni. Inga Lára veltir þessu fyrir sér og setur spurningarmerki við forræðishyggju og hvernig við getum gert þetta með því að gera ekki öll nemendafélög inbráluð.

Sigurður Kári, leggur til að það sé hægt að hafna styrkum til þeirra nemendafélaga sem eru með auglýsingar sem eiga ekki heima í háskólaritum. Ef jafnréttisnefnd HÍ getur tekið á þessu máli með einhverjum refsheimildum, þá ættum við að geta beitt okkar úrræðum. Við þurfum ekki endilega að vera í skilgreiningum eða fastmóta reglurnar. Gunnar kemur með dæmi frá verkfræðinni, þar sem þau voru skömmuð í fyrri fyrir að hafa Goldfinger auglýsingu í útgáfu sinni. Jens segir að Goldfinger sé löglegt fyrirtæki og spyr hvort það sé okkar hlutverk að fella siðferðisdóm á slíklögleg fyrirtæki.

Gabríela spyr hvort að okkur þykir þetta eðlilegt upp á staðalímynd beggja kynja og hvort við eigum ekki að setja spurningarmerki við hvort þessi hegðun sé sæmileg, hegðunin er yfir höfuð niðrandi staðalímynd fyrir bæði kynin. Bergþóra Snæbjörns segir að nemendafélög ættu ekki að vera að með svona auglýsingar í sínum tímaritum. Við sem SHÍ getum talað við forseta allra sviða um að þeir tali við sín nemendafélög um þessi mál. Hvað varðar hópa innan nemendafélaga, gætum við komið því í gegn að þeir hópar væru ekki með auglýsingar inni á heimasíðu nemendafélags og engar myndirné umræður væru birtar á heimasíðunni heldur. Ef þetta er hópur utannemendafélags þá á nemendafélagið ekki að taka þátt í þeirri starfsemi.

Þórunn bendir á að auðvitað sé alltafhægt að fara framhjá hlutum, og heldur að Bergþóra hafi komið með góða lausn á því máli, en með því að koma á fundi með formönnum sé hægt að lægja einhverjaröldur. Það er spurning um hvaða "kultur" er í háskólanum. Við erum ekki að tala um að leggja niður karla- og kvennakvöld, hún segir að það séu oft gamlarhefðir í félögunum. En SHÍ og nemendafélögin eru langt á eftir háskólanumsjálfum í jafnréttismálum. Hún bendir á óvissuferðir og les upp lög. Það er tilfólk sem finnst þetta vera áreiti og fólk á ekki að þurfa að þola svona á sínumvinnustað, HÍ. Mér finnst þetta spurning um að SHÍ setji fordæmi um að breyta þessum kultúr.

Anna Sigga tekur það fram að það er enginn að fara í þessar ferðir án þess að vita hvað þeir eru að fara út í. Það er val hvers og eins að mæta og hver einstaklingur getur gengið út hvenær semer. Þetta er dæmi um að fólk velur að fara á viðburðinn, fólk finnst þetta almennt skemmtilegt. Þórunn talar um kynningar á hjálpartækjum og segir að við séum ekki teprur. Allar rannsóknir sýna að manneskjunnir sem er að fækka fötumlíður ekki vel með það. Hugmyndin sé sú að svona kvöld eigi ekki að vera innannemendafélaga.

Bergþóra Ben segir að það úrræði sem við getum beitt er stúdentasjóðurinn gagnvar styrkjum á útgefnu efni og að við þyrftum að lýsa yfir stuðningi við Háskólann í þessum málum. Þorleifur leggur til að á næsta formannafundi verði þetta mál tekið upp. Það þarf að setja uppsiðareglur, jafnvel hægt að hafa jafnréttisfulltrúa á fundinum og lögfræðing. Bendir á að hægt sé að bæta inn í lög stúdentasjóðs: "Ekki skal veita styrkitil útgáfu eða ferða sem lítilslækka ákveðna þjófélagsþópa".

Sigrún segir að það þurfi að athugavel hvernig farið verði í svona mál. Segir frá því að Orator fór næstum því til Umboðsmanns Alþingis vegna brota á stjórnsýslureglum og leggur til að jafnréttisnefndskoði hvernig á að fara í þessi mál. Jóhann Már segir ómögulegt að gera slíkarsíðareglur nema allir formenn myndu sameinast um efni þeirra.

Hildur bendir á mikilvægi þess að umræða um þetta sé tekin meðal formanna nemendafélaganna og að Stúdentaráð geti ekki einhliða sett nemendafélögunum síðareglur. Hildur vísar málinu til jafnréttisnefndar og ætlar sjálf að taka málið upp á næsta formannafundi.

Kynjahlutföll

Þorleifur les upp úr jafnréttisáætlun HÍ. Honum finnst ekki óeðlilegt að SHÍ myndi setja ákveðin kynjahlutföll í nefndir og segir að ef upp kemur ójafnt hlutfall þá sé það ábyrgð hvers oddvita. Hildur segir að Vaka sé með skýra afstöðu í þessum málum og leggist alfarið gegn kynjakvótum. Hjá Vöku sé alltaf valið eftir hæfni en ekki kyni. Þorleifur, segir SHÍ vera að ganga gegn aðgerðum HÍ um að jafnahlutfall kynja.

Sigurður Kári, segist vita að við séum ekki sammála um þessi mál. Lagabreytingarnefnd þarf sérstaklega að skoða hvernig SHÍ lúti reglum Háskólans. Af hverju setur HÍ þessi lög og af hverju ættum við ekki að fara eftir þeim. Koma af stað umræðu um þetta í lagabreytingarnefnd. Hann segir að þá

getum við líka velt okkur upp úr því af hverju við ættum ekki að fylgja lögum landsins.

Hildur segir ný jafnréttislög ekkiheyra yfir Stúdentaráð, kynjakvótar eigi einungis við um nefndir, stjórnir ograð á vegum ríkis og sveitarfélaga. Stúdentaráð heyri ekki undir stjórnarsýslulögum er Stúdentaráð því ekki að brjóta nein lög.

Þórunn leggur til að ef aðlagabreytingarnefnd og jafnréttisnefnd skoði þessi mál í sameiningu. Spyr hvort það sé ekki almennur vilji innan SHÍ að nefndir verði ekki einungis með einukyni. Hún bendir á fjármálanefnd og að það hafi sýnt sig hversu mikilvægt það sé að hafa konur í þeirri nefnd. Kynin hafa ólíka sýn, einstæðir foreldrar eru á lánnum og meirhluti einstæðra foreldra eru konur.

Inga Lára spyr hvort að það sé ekkieitthvað sem við sjálf þurfum að skoða hjá okkur, að við stelpur reynum að bjóða okkur frekar fram í fjármálanefnd, og öfugt, að strákar bjóði sig frekar fram í alþjóðanefnd. Ekki að þvinga fram kynjahlutföll. Þórunn segir að það sé svo mikil einföldun á málunum að segja "þú ert bara kona og þú átt að vera í þessu". Hún segir að þetta snýst ekki bara um konur, þetta snýst um jafnréttikynjanna.

Sigrún ítrekar að jafnréttisnefnd og lagabreytingarnefnd gætu skoðað þetta mál. Hildur vísar málinu þangað.

4. Sumarannir

Hildur tilkynnir að hún og Ingólfur hafi hitt Kristínu Ingólfsdóttur, rektor HÍ, sem sagði þeim að málið væri til skoðunar. Háskóli Íslands væri að skoða alla möguleika og að mikill vilji væri meðal stjórnenda skólans. Það eina sem skorti væri fjármagn. Hildur gagnrýnir þó hugmyndir Háskólans umað bjóða einungis uppá örfá valnámskeið, mun meira þurfi að koma til! Hildur segir þau hafa spurt Kristínu hvort ekki væri í hyggju að bjóða uppásjálfsnámsáfangu með ágústprófum líkt og áður tíðkaðist. Kristínu þótti það góðhugmynd og sagðist ætla að kanna möguleikana. Hildur segist vera að fara á fund með menntamálaráðherra á morgun þar sem þessi mál verða skoðuð. Einnig hafi hún sent bréf í vikunni til rektors, forseta fræðasviða og deildarforseta varðanditillögur SHÍ um sumarannir. Tillögurnar hafi strax verið teknar upp á mörgum deildarfundum og hlutu góðan hljómgrunn.

Inga Lára segist hafa hitt Jón Torfa, forseta menntavísindasviðs, og hann vildi gjarnan bregðast við þessu. Hann vill setja eins mörg sumarnámskeið og hann getur, sérstaklega fjarnámsáfangu og ágústpróf með staðlotu. Hann kom með tillögu um að fámastersnema til aðstoðar við dæmatíma og annað. Inga segir að það sé verið að fara af stað með könnun innan menntavísindasviðs um sumarnám. Inga málin á menntavísindasviði stranda að miklu leyti á peningamálunum. Inga telur þó að við getum verið jákvæð eftir að hafa rætt við hann um þessi mál.

Gunnar segir að það séu fullt aflausnum mögulegum, alltaf þegar maður talar við einhvern varðandi þetta mál þá eru lausnir til. Gunnar spyr hvort þeir sem hafa eitthvað um þetta mál að segjaviði um þær lausnir sem eru í boði? María bendir á

að hún hafi rætt við kennarasem sagði engann hafa rætt við hann um sumarkenndu, sagði að það virtist sem svo að ekki væri búið að ræða við kennaranna. Þórunn spyr hvort það sé barastandardinn að eitt námskeið sé í boði í hverri deild? Segir það vera enga bótað máli.

Bergþóra Snæbjörns telur gott aðheyra að Jón Torfi og kennarar virðist vera jákvæðir. Hún spyr hvort komnar séuein hverjar úrlausnir um hvernig eigi að borga fyrir þetta? Hildur bendir á að það kosti 100.000 - 150.000 kr. að semja eitt próf, kostnaðurinn við að halda 100 próf mun því vera um 10-15 milljónir. Það ætti að vera hægt að lækka þátölu, í dag sé staðan þannig í þjóðfélaginu að fólk er að bregðast viðástandinu og taka á sig launalækkanir og fleira. Hún hafi komið fram meðhugmyndir um að masters- og doktorsnemar taki að sér kennslu í sumar í staðeininga. Þær hugmyndir hafi fengið góðan hljómgrunn. Hún talar einnig ummöguleikana á því að færa fé milli LÍN og atvinnuleysistryggingasjóðs en til þess þurfi pólitískan vilja.

Inga Lára segir að Jón Torfi hyggðist stinga upp á því við hina forsetana að allir myndu koma með pakka afvalkúrsum, til að komast til móts við okkur í sumar. Jens, bendir á að erindi SHÍ var tekið upp á deildarfundi hjá lagadeild fyrr um daginn, almenn ánægjameð þetta bréf en málið strandaði bara á fjármagninu. Kennarar væru þó til í aðleggja á sig auka vinnu til að koma til móts við nemendur. Niðurstaðafundarinn var að þeir ætluðu að leita allra lausna.

Sigurður bendir á að sumarannir séuengin lausn ef við fáum ekki minnst 20 einingar, fáum ekki greidd námslán í sumar ef við fáum ekki allar þessar 20 einingar. Þetta snýst um peninginn sem við fáum í sumar. Hildur leiðréttir Sigurð og segir að lánað verði fyrir öllum einingum í sumar, ekki þurfi að ljúka 20 einingum yfir sumartímann. Það sé einungisgert að skilyrði að hver stúdent hafi lokið lágmarks einingafjölda yfirveturinn til að eiga rétt á námslánum, líkt og almennt tíðkast. Ingólfur bendir á að fresturinn til að sækja um lán fyrir vorönn renni út í maí og því þurfi aðhafa hraðar hendur..

Bergþóra Snæbjörns leggur til að þaðverði gerð könnun á öllum sviðum, hvort að nemendur myndu nýta sér sumarannir. Þórunnsegir að þetta þurfi að fara að gerast og að fólk geti ekki beðið mikið lengur. Sigrún bendir á mikilvægi þess að málið sé ekki að stranda inn á skrifstofumsviðanna, við þurfum að koma þessu til kennara. Varðandi fjármagnið spyr hún hvort að mögulegt væri að leyta til annara ráðuneyra en menntamálaráðuneytis, til dæmis félagsmálaráðuneytis eða iðnaðarráðuneytis. María bendir á að við þurfum að þrýsta á félagsmálaráðuneytið. Þetta mál virðist stranda einhvers staðar ogboðleiðir innan skólans séu ekki nægilega góðar.

Hildur segir að þetta vandamál séverulega stórt, samkvæmt könnun Shí má búast við að 13.000 stúdentar séu í dagatvinnulausir og 10.000 þeirra segja ekki miklar líkur á að fá vinnu. Þaðþyrfti að upplýsa starfsfólk innan skólans um hversu stórt vandamál þetta er.

Þórunn spyr hvort að við eigum ekkifara í einhverjar aðgerðir? Við þurfum að tryggja að það verði allt brjáláð efvið fáum ekki svar næsta föstudag.

Hildur segir að við þurfum að fara í einhverjar róttækar aðgerðir, fólk veit að við erum að berjast fyrir þessu og segir að mikið af fyrirspurnum komi inná skrifstofu SHÍ um sumarannir og LÍN málin. Hún leggur til að allir leggji höfuðið í bleyti til að koma einhverjum róttækum aðgerðum af stað sem Stúdentaráð geti staðið að í sameiningu.

Agnar kemur með þá hugmynd að dreifaboðskapnum meira um skólann, fá folk til að skynja neyðina, og Háskólann líka. María segir að það sé verið að taka til allskyns neyðarúrræða í þjóðfélaginu í heild sinni, hægt að takatil greina að núna séu sértakar aðstæður í sumar og menn verði að bregðast við.

Ingólfur bendir á að vanalega sækja um 500 manns um sumarlán hjá LÍN og ef þeir yrðu 12.000 í ár þá vitum við hversjóðurinn færi. Við þurfum að þrýsta á ráðuneytin um að koma með pening inn í sjóðinn. Hann bendir einnig á að það á enn eftir að greiða út námslán fyrir þetta ár. Guðrún framkvæmdarstjóri LÍN segir að það séu mjög litlir peningartil í sjóðnum.

Sigurður Kári segir það veravandamál ríkisins að koma með pening inn í sjóðinn.

5. Borgarafundur stúdenta:

Ingólfur talar um að það standi til að halda borgarafund um menntamál þann 16. apríl í stóra sal í Háskólabíó. Þar munu öll hagsmunafélög námsmanna mæta. Það er búið að bóka salinn. Hann segir að Kristín rektor sé mjög samvinnuþýð í þessu verkefni, og ætli að styrkja það fjárhagslega. Fulltrúar allra flokkanna munu verða boðaðir á pallborð. Rúv er ekki laust til að sjónvarpa frá viðburðinum vegna borgarafundar á Akureyri. Ingólfur segir að á morgun verði lögð lokahönd á fundinn.

Hildur segir að það sé rosalegt verkefni fyrir höndum til að skapa stemningu innan HÍ og fá fólk til að mæta á fundinn. Stóri salur Háskólabíós taki tæplega 1000 manns í sæti.

Bergþóra Snæbjörns, segir að við þurfum líka að fá marga úr framhaldskólunum. Ingólfur bendir á mikilvægi þess að skólinn taki líka þátt í fundinum, ekki bara nemendur, einnig kennarar og aðallt akademíska samfélagið kæmi saman og þrýsti á að nú sé tími til að veitamenntamálum athygli. Bergþóra Ben bendir á að búið sé að fara inn á landsfundiflokkanna, með tillögur SHÍ.

6. Bókun um ábyrgðarmenn lána.

Sigurður Kári talar um að bókunin sem hann hugðist leggja fyrir fundinn hafi orðið að lögum samdægurs. Sigurður les upp bókun. Hann bendir á að þetta sé gríðarlegar róttæk breyting á lánasjóðskerfinu eins og það hefur verið seinustu 20 ár.

Sigrún Ingibjörg, les upp frumvarpið og segir að lánastofnanir gætu hins vegar átt kröfu í þrotabú. Það er óeðlilegt að þeir sem geta fengið einhvern til að skrifa undir ábyrgð geti fengið námslánen svo séu hinir sem ekki eiga einhverja að og þurfa að fara til bankanna og borga 2,5% til þess að fá bankaábyrgð á lánin. Ekki sé komið til móts við þásem eiga ekki einhverja að til að ábyrgjast lánin.

Ingólfur segir þetta ábyrgðarmannakerfi svolítið úrelt. Hann hafi tekið þetta upp á stjórnarfundum LÍN og umræðunni verður haldið áfram á næsta stjórnarfundum. Sigurður Kári bendir á að það komi fram breytingu á lögum. Það þarf að koma fram að Lánasjóðurinn er að lána einstaklingnum og bankinn eigi ekki að koma því við. Sigrún talar um að þegar þú lánar einstaklingi þá er hann strax orðinn sjálfur ábyrgðarmaður einstaklingsins sjálfs.

Áskorun um afnám ábyrgðarmannakerfis LÍN

Vegna hruns bankakerfisins í haust og aðstæðna í samfélaginu voru í dag 30. Mars 2009 samþykkt lög á Alþingi um ábyrgðarmenn lána. Með frumvarpinu er ætlunin að setja í fyrsta sinn heildarlög um ábyrgðarmenn, draga úr umfangi persónulegra ábyrgða á lánum og stuðla að því að lánveitingar miði við greiðslugetu lántakandans sjálfs og hans eigin tryggingar. Jafnframt er ákveðið að ekki verði gengið jafn harkalega að ábyrgðarmönnum þegar lán fellur í skuld. Þetta á við um stofnanir og fyrirtæki sem stunda útlánastarfsemi, þ.á.m. Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Ábyrgðarmannakerfi LÍN hefur leitt til ójafnréttis þar sem þeir sem verst standa fjárhagslega þurfa að borga meira en hinir til að taka lán. Auk þess hefur það reynst mjög ósanngjarnt að ganga á ábyrgðarmenn þar sem þeir eru í flestum tilfellum foreldrar námsmanna en þegar lánið fellur í skuld mörgum árum seinna er þetta fólk á ellilífeyri. Reynist þá erfitt að borga það sem skrifað var upp á áratugum fyrr.

Röskva, samtök félagshyggjufólks við Háskóla Íslands hefur barist lengi gegn ábyrgðarmannakerfinu þar sem það samrýmist ekki grundvallarstefnu samtakanna um jafnrétti til náms. Í málefnskrá Röskvu 2009 segir eftirfarandi:

„Ábyrgðarmannakerfi LÍN leiðir til ójafnréttis og því vill Röskva að það verði afnumið. Til að fá námslán þarf lánþegi að fá ábyrgðarmann. Þeir sem hafa ekki kost á ábyrgðarmönnum sér tengdum eru oftast þeir sem mest þurfa á lánum að halda. Því þurfa þeir að nýta sér bankaábyrgð með 2,5% þóknun. Röskva vill að stúdentar séu viðurkenndir sem fullorðið og fjárráða fólk sem getur tekið eigin ákvarðanir í fjármálum, staðið með þeim - og fallið án þess að ættingjar falli með.“

Röskva skorar á Alþingi Íslendinga og menntamálaráðuneytið að í kjölfar samþykktar á áður nefndum lögum verði ábyrgðarmannakerfi LÍN afnumið. Einnig mun Röskva leggja mikinn þunga í að þetta verði tekið upp í stjórn LÍN og þeirri nefnd innan Lánasjóðsins sem endurskoðar nú úthlutunarreglur sjóðsins

Fyrir hönd Röskvu

Sigurður Kári Árnason og Þórunn Elisabet Bogadóttir

Röskvuliðar í fjármálanefnd SHÍ

7. Önnur mál Bergþóra Snæbjörns kemur meðtilmæli og lýsir mikilli ánægu með strætómálin og hversu vel það gekk að koma þeim í fjölmiðla. Hún bendir á að

áður en ályktanir eða bréf séu send út, þá væri gott að senda það fyrst á Stúdentaráð, en ekki í samgönguhóp. Hún segir að upplýsingaflæðið þurfi að vera meira. Inga Lára segir að hægt sé að stofna hópinn Uglunnar svo hægt sé að halda upplýsingum milli ára í SHÍ. Sigurðurbendir á að Vísir hafði sagt að SHÍ hafi ályktað um málið sem er rangt. Annasigga talar um erlenda nemendur og að þeir þurfi 6 mánuði til að fá strætókort. Þurfi að kanna þau mál vel.

Hildur segir frá leikhúsförðnæstkomandi föstudag fyrir Stúdentaráðsliða.

Agnar leggur til að það sé einhverörstutt pása á fundum framvegis.

Fundi slitið 18:45

Stúdentaráðsfundur 19. mars 2009 kl.17:00

Viðstaddir fundamenn:

Hildur Björnsdóttir (Vaka), Atli Bjarnason (Vaka), Ingólfur Birgir Sigurgeirsson (Vaka), Jóhann Már Helgason (Vaka), María Finnsdóttir (Vaka), Sigrún Ingibjörg Gísladóttir (Vaka), Anna Sigríður Hafliðardóttir (Vaka), Jens Fjalar Skaptason (Vaka), Aðalbjörg Ósk Gunnarsdóttir (Vaka), Arnþór Gíslason (Vaka), Gunnar Skúlason (Vaka), Inga Lára Björnsdóttir (Vaka).

Bergþóra Snæbjörnsdóttir (Röskva), Þorleifur Örn Gunnarsson (Röskva), Þórunn Elísabet Bogadóttir (Röskva), Haukur Hólmsteinsson (Röskva), Brynjar Smári Hermannsson (Röskva), Sigurður Kári Árnason (Röskva), Bergþóra Benediktsdóttir (Röskva), Gabriela Unnur Kristjánsdóttir (Röskva) og Guðmundur Rúnar Ingvarsson (Röskva).

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Update af skrifstofu HÍ
3. Sumarannir
4. Landsamtök íslenskra háskólanema
5. Kynning á ráðstefnu hjá StL
6. "Menntamál að kosningarmáli"
7. Niðurstöður könnunar um atvinnumál stúdenta

8. Önnur mál

9. Gagnbókun

Fundur settur: 17:15

1. Fundarmenn lesa yfir fundargerð seinasta fundar, engar athugasemdir hafðar.

2. Update af skrifstofu: Hildur kemur með update af skrifstofu hún segir að staðan sé sú aðmenntamálaráðherra mun hitta forseta fræðasviða og að það muni vera fundur í vikunni þeim málum, fáum að vita niðurstöður úr því vonandi sem fyrst. Hildursegir að það sé erfitt að segja hver staðan er, en hún fær að vita stöðuna á fundinum að morgni 20 mars. Hún tilkynnir einnig að hún sitji í starfshóp á vegum Iðnaðarráðuneytisins. En búið er að stofna eins konar sjóð til að hjálpastúdentum með ýmis vinnutengd mál næstkomandi sumar. Á skrifstofunni er einnig verið að vinna í ýmsum „minni málum“ fá t.d. kaffivél í aðalbyggingu. Jóhann Már og Arnþór, fóru og hittu Kristínu, hún tók vel í þetta í greiðsludreifingu skráningargjalda, verður tekið fyrir á næsta háskólaráðsfundi.

Haukur og Bergþóra Snæbjörnsdóttirspyrja um vinnuhjópinn, hvernig að honum er staðið, hvernig er skipað í hann oghvort að fundargerð sé gerð. Hildur segir þeim hvernig hópurinn er skipaður oghvað þar fer fram. Hildur tilkynnir að undirskriftarlistar séu konnir í ganggegn gjaldsklykdu í bílastæði við Skeifu og Gimli, hún telur það mikilvægt aðallir vinni ötulega að því að safna undirskriftum. Sigrún segir að við verðum öllað leggjast á eitt til að það sé marktækt að stúdentar séu virkilega á mótigjaldskyldu. Ingjaldur segir að þetta sé einungis byrjunin á gjaldskyldu í bílastæðinvið HÍ. Hildur útskýrir að samgönguhópurinn sé að fara að sníða bréf til sveitafélaganna um að taka þátt í strætóverkefningu. Hildur talar einnig um að hún hafi verið í sambandi við formann AIESEC, en þau bjóða stúdentum upp á vinnu erlendis næsta sumar, mikill vilji um að hafa sérstakan kynningardag þar sem námsferðir vilja einni kynna sig og lausnir fyrir þá sem að sjá ekkifram á að fá vinnu. Þessu er vísað til atvinnulífsnefndar í samstarfi við skrifstofu. Þarf að gerast sem fyrst.

María Finns segir frá fundi samgönguhóps, en á fundinum var rætt um strætómál, okkar kröfur varðandi skipulag á lóðum, göngustíga á háskólasvæðinu fyrir hreyfihamlaða, blinda og að aðgengi milli bygginga yrði betrubætt. Jóhann Már útskýrarað á fundinum hafi komið góð hugmynd um að tala við öll flugfélög á landinu umað greiða niður fargjöld fyrir nemendur sem búa úti á landi.

Ingólfur: LÍN update: Hann útskýrir að hann sitji í 2 nefndum, ein nefndin skoðar kosti og galla mánaðarlegra greiðsla, tveggja manna nefnd. Þeir sem sitja þá nefnd, er Ingólfur sjálfur og einfulltrúi frá menntamálaráðuneyti. Hins vegar er hin nefndin svokölluð endurskoðendanevnd, til að endurskoða samningana, 2 fundir búnir að vera þar, fyrsti fundurinn fer þannig fram að kallað er eftir ýmsum gögnum, verðbólguþáttur og annað, verið að vinna úr því, staðan í sjóðnum er alls ekki góð, áherslan virðist vera á því að hækka grunnframfærslu verulega, bætt við frítækjumark og tekið tekjuskeringuna. Ingólfur segir að það sé mikilvægt fyrir okkur að þrýsta á stjórnvöld til að fá peninginn í lánasjóðinn.

Bergþóra Snæbjörnsdóttir: spyr um strætómálinog spyr hvort að SHÍ hafi heyrt frá fulltrúm Reykjavíkurborgar. Hildur segir að það sé hlutverk samgönguhóps en haft verði samband við borgina og fleirisveitafélög varðandi málið á næstu dögum.

Sigrún Ingibjörg: telur að þetta strætóverkefnigæti verið erfitt, að 2 sveitafélög hafi ekki verið jákvæðir fyrir þessuverkefni. Bergþóra: bendir á að atvinnulífsnefndin hittist mjög mikið og það værigott að hafa sama kraft í samgönguhópnum.

Bergþóra spyr: í höndum hvers er það aðskipuleggja næsta fundi með LÍN. Ingólfur segir að mesti kraftur er í endurskoðendanefndað klára samninga fyrir kosningar, einnig bendir hann á að þessi endurskoðendanefndsé að þrýsta á okkur stúdenta til að þrýsta á ríkið. Sigurður Kári spyr Ingólfhvort að það hafi verið rætt um að fresta samningum vegna þess að við erumflest í prófum, segir að við getum ekki samið um mánaðarlegar greiðslur ef viðsemjum í vor. Sigurður segir einnig að við verðum að stefna á að semja fyrir envanalega. Haukur, bendir á hvort það sé spurning um að koma með einhverja idealdagsetningu sem hentar okkur stúdentum best. Ingó segir að enginn tímaáætlunhafi verið gerð, segir að nefndirnar hafi ekki fengið öll gögn í hendurnar. Þurfumað fá rök með eða á móti að breyta dagsetningunni. Arnþór segir að það sé kjöriðað ráðast á LÍN samningana, vegna komandi kosninga.

3. Sumarannir: Bergþóra, hversu mikið fjármagn er verið að tala um að séu í því að hafasumarannir? Hildur segir, erfitt að átta sig á því hversu mikið þetta er, fólkinnst þetta ódýr lausn ef þessi leið verður farinn. Kostnaður við að halda 100próf væri um 10-15 milljónir. Þórunn Elísabet: við erum komin með kostnaðinnfir það ef allir taka sumarlán, það eru 4 milljarðar. Bergþóra Benediktsdóttirspyr hvort það sé einhver andstaða fyrir því að þetta gæti orðið að veruleika. Hildur segir að eina andstaðan sé skólinn sjálfur, Hreinn Pálsson sagðist segjaaf sér ef sumarannir verði að veruleika. Segir að kennarar eigi rétt á 6 viknasumarfrí. Hildur leggur til að okkar helsta krafa sé að það verði próf í ágústog að nemendur eigi kost á sumarlánnum. Arnþór: stjórnslá HÍ og allir sem komaað þessu máli líta á þetta sem einskonaar hausverk, alla vega sama hvað við förummeð til háskólans, það er alltaf sama viðmót. Atli: við getum búist við því aðríkið geri sér grein fyrir því að meirhluti stúdenta geti ekki sótt um fullaratvinnuleysisbætur, auðvitað væri þetta ódýr leið fyrir ríkið að neita þessaritillögu um sumarannir. Sigrún: segir að ef ákvarðanir verða teknar á efastastigi stjórnslunefnda HÍ, verðum þá bara að fara með þetta til þeirra sem eruæðstir.

4. Landsamtök íslenskra háskólanema: Sigrún Ingibjörg fræðir fundarmenn stuttlega um samtökin. Það var skipuðnefnd frá fulltrútum allra stúdentasamtaka, búin að hittast síðan í júlí, þessinefnd hefur komist að niðurstöðu og það eru komin drög að lögunum, ætla aðstofna heimasíðu www.lih.is. Fenguí byrjun styrk frá menntamálaráðuneyti upp á 400.000 til að kosta flugin, vegnanema sem sátu í nefndinni og voru búsettir úti á landi. Samtökin áttu svo aðhafa aftur samband vegna komandi styrkja. Sigrún segist vera búin að bíða í mánuðeftir að fá símtal með menntamálaráðherra Katrínu Jakobsdóttur til að koma áfundi. Vinnuhópurinn er að skila af sér. Sigrún bendir

einnig á að hugmyndin meðsamtökunum er að gera samstarfsvettvang milli skóla, til dæmis í LÍN málum aðallir stúdentar á landinu geta staðið saman í svona stórum málum. Háskóli Íslandshefur alltaf lokaorðið í þessum samtökum þar sem við erum 75% af stúdentum. Við getum keyrt í gegn mál af fullri hörku sem varða alla stúdenta. SHÍ hafði frumkvæðið af stofnun samtakanna. Sigurður Kári bendir á að það sé stórt skrefsem við erum að taka með þessum samtökum þar sem að vettvangur Stúdentaráðs gætibreyst, en bendir einnig á að samtökin geta hjálpað ákveðnum skólum um að taka ýmsar ákvarðanir. Bergþóra Snæbjörnsdóttir: sér hættu í að við séum að stofna samtöksem að væru einskona fundir, bendir á að samfélagið og skólinn eigi að endurspeglar hvort annað, einnig segir hún mikilvægt að efla samstarf milli skóla á landinu. Sigrún segir að það sé mikilvægt að við leyfum þessum samtökum að rúlla, sjáum hvernig fer.

5. Kynning á ráðstefnu hjá StL: Hildur útskýrir að það sé mikill peningur SHÍ sem að fer í að borga ferðir fyrir Stúdentaráðsliða og að það sé mikilvægt að við í Stúdentaráði fáum að vita hvað sé að gerast í þessum ferðum sem alþjóðanefndin fer í. Tóta og Sigrún Ingibjörg halda smá kynningu um ferð sýna til Noregs. Þær kynntu stúdentamenningu og fjármál stúdenta, talað um mikilvægi stúdentasjóðs, áhugaverð kynning um stúdentameð hreyfihömlun og sjónskerðingu, erfiðara fyrir þá aðgengið í skólanum og aðlæra. Einnig benda þær á að ýmsar róttækar aðgerðir hafa verið gerðar meðal norska stúdenta, t.d. byggja kofa fyrir utan alþingishúsið, gætum notað þessar hugmyndir í okkar mótmælum.

6. "Menntamál að kosningamáli": Ciesielski hópurinn kominn á fullt við skipulagningu á því hvernig menntamálin verði gerð að kosningamáli. Ýmsar hugmyndir í gangi. Haldinn verður borgarafundur 16. apríl í Háskólabíó í samstarfi við aðra háskóla og framhaldsskóla á landinu. Yfirlýsing verður einnig send á alla stjórn mála flokka, landsfundi eða með öðrum hætti.

7. Niðurstöður könnunar um atvinnumál stúdenta: Hildur kynnir niðurstöður úr könnun um atvinnuhorfur stúdenta sem sýndu að um 12.000 námsmenn eru enn án atvinnu í sumari en 10.000 þeirra telja litlar líkur á sumarvinnu. Könnunin er mjög verðmætt gagn í baráttunni fyrir sumarönnum.

8. Önnur mál: Engin önnur mál.

9. Gagnbókun: Vakaleggur fram gagnbókun um verkaskiptingu á skrifstofunni. Framkvæmdastjóri og lánasjóðs- og hagsmunafulltrúi verða báðir í 100% vinnu á skrifstofunni en aðeins á 75% launum. Atli Bjarnason leggur til lófaklapp. Gagnbókunin er fylgiskjal 1 meðfundargerð.

Gagnbókun frá Vöku, meirihluta SHÍ

Stúdentaráðsfundur 19. mars 2009

Nýverið voru ráðnir til starfa á skrifstofu SHÍ þeir Jóhann Már Helgason, framkvæmdastjóri, og Ingólfur Birgir Sigurgeirsson, lánasjóðsfulltrúi. Aðframangreindum ráðningum loknum þótti ljóst að annar þeirra, Jóhann eða Ingólfur, skyldi taka að sér starf hagsmunafulltrúa SHÍ en það embætti var starfrækt í fyrsta sinn á síðasta starfsári og gaf af sér góða raun.

Var það niðurstaða meirihluta SHÍ að Ingólfur Birgir skyldi gegna starfilánasjóðs- og hagsmunafulltrúa SHÍ þetta árið. Verður fyrirkomulagið með þeimhætti að þeir Ingólfur Birgir og Jóhann Már verða báðir í fullu 100% starfi áskrifstofu SHÍ en hljóta þó einungis 75% laun fyrir störfin. Með þessufyrirkomulagi fær skrifstofa SHÍ 50% auka starfskraft og verður því kröftugrinú sem aldrei fyrr.

10. Bókanir: Röskvaleggur fram tvær bókanir, aðra í formi lagabreytingartillögu um fyrirkomulag áráðningu framkvæmdastjóra en hina í formi gagnrýni á ráðninguna þar sem hún varsögð ekki byggð á faglegum forsendum. Með gagnrýninni fylgdi viðauki sem var nánariútskýring á umsókn Júlíu. Bókanirnar eru fylgiskjal 2 og 3 með fundargerðinni. Vaka gagnbókar seinni bókunina og segir ekki við hæfi að skýra umsókn sína löngueftir ráðningu. Umsækjendur beri ábyrgð á þeim upplýsingum sem fram koma í ráðningarferli. Ekki mögulegt að leggja gögn fram eftir að ferli er lokið. Vaka óskar þess aðkjörnir fulltrúar stúdenta fari að eyða tíma sínum í mikilvægari mál. Gagnbókuniner fylgiskjal 4 með fundargerðinni.

Bókun Röskvu:

Röskva harmar vinnubrögð Vöku í stjórnStúdentaráðs á dögnum þegar að ráðinn var til starfa nýr framkvæmdastjóriStúdentaráðs Háskóla Íslands og telur að meirihlutinn hafi brotið lögStúdentaráðs sbr. 64. gr. laganna.

Viðráðningu framkvæmdastjóra Stúdentaráðs og ritstjóra Stúdentablaðsins skal metaumsækjendur á faglegum grunni og líta sérstaklega til starfsreynslu ogþekkingar á viðkomandi sviði.

Röskva telur að við ráðninguna hafi veriðgengið fram hjá hæfasta einstaklingnum og vísar máli sínu til stuðnings ágreinar og fyrri rökstuðning á heimasíðu félagsins (www.roskva.hi.is) og vill auk þess leggjafram skjal frá Júlíu Þorvaldsdóttur, umsækjanda um stöðu framkvæmdastjóra, þarsem hún rökstyður hvernig hún uppfyllir allar hæfniskröfur og vel það (sjáviðauka 1). Þar má sjá svart á hvítu að fullyrðingar Vöku um að Jóhann MárHelgason hafi verið sá eini sem uppfyllir allar hæfniskröfur standast ekki.Röskva telur ekki stætt á öðru en að óháðir fagaðilar verði fengnir til að farayfir ferilskrár og umsóknir allra umsækjenda til að veita álit og ráðgjöf. Íkjölfarið verði endurskoðuð ráðning núverandi framkvæmdastjóra. Röskva telur þetta vera nauðsynlegtskref til að skapa vinnufrið innan ráðsins.

Gagnbókun frá meirihluta SHÍ

Nýverið voru ráðnir til starfa á skrifstofu SHÍ þeir Jóhann Már Helgason, framkvæmdastjóri, og Ingólfur Birgir Sigurgeirsson, lánasjóðsfulltrúi. Aðframangreindum ráðningum loknum þótti ljóst að annar þeirra, Jóhann eðaIngólfur, skyldi taka að sér starf hagsmunafulltrúa SHÍ en það embætti varstarfrækt í fyrsta sinn á síðasta starfsári og gaf af sér góða raun.

Var það niðurstaða meirihluta SHÍ að Ingólfur Birgir skyldi gegna starfilánasjóðs- og hagsmunafulltrúa SHÍ þetta árið. Verður fyrirkomulagið með þeimhætti að þeir Ingólfur Birgir og Jóhann Már verða báðir í fullu 100% starfi áskrifstofu SHÍ en hljóta þó einungis 75% laun fyrir störf. Með þessufyrirkomulagi fær skrifstofa SHÍ 50% auka starfskraft og verður því kröftugrinú sem aldrei fyrr.

Stúdentaráðsfundur 23.febrúar 2009 kl 16:00

Viðstaddir fundarmenn:

María Finnsdóttir, Vöku(ritari fundargerðar). Ingólfur B. Sigurgeirsson, Vöku. Atli Bjarnason, Vöku.Gunnar Skúlason, Vöku. Arnþór Gíslason, Vöku. Jóhann Már Helgason, Vöku. JensFjalar Skaptason, Vöku. Inga lára Björnsdóttir, Vöku. Hildur Björnsdóttir,Vöku. Aðalbjörg "sk Gunnarsdóttir, Vöku. Sindri Aron Viktorsson, Vöku.

Guðmundur Rúnar Ingvarsson,Röskva. Bergþóra Snæbjörnsdóttir, Röskva. Þórunn Elísabet Bogadóttir, Röskva.Sigurður Kári Árnason, Röskva. Þorleifur Örn Gunnarsson, Röskva. GabriellaUnnur K., Röskva. Halla Tryggvadóttir, Röskva. Brynjar S. Hermannsson, Röskva.Haukur Hólm, Röskva.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Félagslífs- og menningarnefnd SHÍ
3. Skipan í fastanefndir SHÍ
4. Skipan í lagabreytingarnefnd SHÍ
5. Skipan í vinnuhóp vegna sameiningar HÍ og KHÍ
6. Samgöngumál
 - a. Frítt í strætó
 - b. Gjaldskylda í bílastæði við HÍ
7. Stúdent.is
8. Vinnudagur SHÍ
9. Önnur mál

Fundur settur kl 16:10

1. Fundarmenn lesa yfirlýðingardag, engar athugasemdir
2. Næsta mál á dagskrá. Aftast í heftinu sem dreift var á fundinum, breytingartillaga varðandi 28. gr. Laga Stúdentaráðs. Hildur útskýrir breytingatillögu varðandi Félagslífs og menninganefnd. Bergþóra talar um að þau vilji frekar stofna umhverfishóp, ekki á móti stofnun hinnar nefndarinnar. Bergþóra talar um að þau vilji fá að stýra þeim hópi. Hildur segir að félagslífs- og menningarnefnd eigi að koma í staðinn fyrir félagslífhóp, tenging við nemendafélög, myndi sjá um Októberföst, nýnemadaga, lifandi Háskólatorg og fleiri félagslífs- og menningarviðburði. Hildur talar fyrir því að þessi nefnd sé tengslanet fyrir minni nemendafélög sem og stærri. Tekið framað fundum með formönnum nemendafélaga verði haldið áfram með svipuðu sniði og síðustu ár en framangreind nefnd kæmi einnig að því. Sigurður Kári spyr hvort þetta lagabreyting fari í gegn. Hildur segir að 2/3 Stúdentaráðsliðapurfi að kjósa með breytingunni til að hún öðlist gildi. Allir kjósa með þessari breytingatillögu. Umhverfisnefndin verður skipuð á næsta fundi.

3. Skipan í nefndir.

Menntamálanefnd: Jens, Jói (Þórhildur), Ósk, Haukur og Bergþóra.

Fjármálanefnd: Arnþór, Atli Bjarnason, Gunnar Skúla, Þórunn og Sigurður Kári.

Hagsmunanefnd: María, Hildur (Þorsteinn), Guðrún Sóley, Halla Tryggva og Jakob.

Alþjóðanefnd: Anna Sigríður, Sigrún (Sigrún Magnea), Eva Rós, Gabriela og Kristín Helga.

Jafnréttisnefnd: Silja Rós, Dóra Sif, Inga Lára, Þorleifur og Aldís.

Atvinnunefnd: Ingólfur Birgir (Steinn), Pétur Magnús, Yngvi Freyr, Björn Brynjólfur og Bergþóra Benediktsdóttir.

Fjölskyldunefnd: Íris, Jóhanna Reykjálín, Sölvi Karlsson, Guðmundur Rúnar og María Lind.

Félagslífsnefnd: Helga Eir, Ásta María, Bjarni Helga, Sigurbjörg Elín og Sigríður.

Klappað fyrir nefndunum. Bergþóra spyr varðandi skipan í nefndir - eigum við að hafa kynjajafnrétti í nefndum. Nú er komin ný jafnréttisáætlun HÍ sem leggur áherslu á að HÍ sé leiðandi í jafnréttisbaráttunni. Háskóli Íslands ætlar að taka skref í þessa átt, í nefndum innan háskólans og Röskvu finnst að nefndir innan SHÍ eigi að taki mið af þeim málum með sambærilegum hætti. Röskva leggur til að lagabreytinganefnd taki þetta fyrir. Haukur telur að því fjölbreyttari sem nefndirnar eru því meiri árangur náist. Hildur býður Röskvu að taka þetta upp í lagabreytinganefnd. Hildur tekur það skýrt fram Vaka er ekki hlynnt kynjakvótum af nokkru tagi og mun því ekki styðja framangreinda tillögu. Félagið hefur alltaf staðið fyrir því að velja hæfasta manninn óháð kyni. Arnþór tekur undir með Hildi og talar einnig um mikilvægi þess að velja hæfasta manninn. Tóta talar um aðrar aðferðir en hreina kynjakvóta. Bergþóra talar um að nefndir narendurspegli ekki endilega bestu mögulegu samsetningu nefndanna.

Talar um að það séu t.d. bara stelpur í Alþjóðanefnd og að sú skipan gæti gefið rangamynd. Niðurstaða málsins varð að lokum sú að hugmyndin skyldi tekin upp í lagabreytingarnefnd.

4. Skipan í lagabreytingarnefnd: Sigrún Ingibjörg Gísla, Jens, Sigurður Kári Anna Finnboga.

5. Vinnuhópur vegna sameiningar KHÍ og HÍ: Ragnhildur, Sandra Hlín, Þorsteinn, Bergþóra, Guðmundur Rúnar og Hallbjörn Valgeir.

6. Samgöngumál:

a. Hildur var á fundi með Jórinni frá stjórn Strætó en þærræddu um áframhald á verkefninu "Frítt í strætó". Allir mjög spenntir fyrir því. Hildur segir að þær kröfur sem SHÍ skuli leggja fram séu þær að allirstúdentar við Háskóla Íslands fái frítt í strætó, óháð lögheimili eða þjóðerni. Þórunn: Elín Ósk segir að í Háskólaráði sitji bæjarstjórinn í Garðabæ og annaraðili og að þau bæjarfélagög ætli ekki að styðja þetta verkefni. Atli talar umað auðveldara væri að pressa á ríkið en sveitafélögin. Sigurður segir þettasnúast í höndunum á fólki, framkvæmdin hafi verið fíranleg og ekki sé umjafnrétti að ræða. Arnþór: deilurnar liggja í því að framlögin séu ójöfn. Hildur: talar um að fá strætó til að keyra Sæmundargötuna, Ingjaldur Hannibalds segir Háskólann veita allan stuðning í málefnum strætó, t.d. vantar strætó á Eggertsgötuna. Bergþóra: Ánægjulegt að heyra hvað Jórinn er jákvæð en almennt heyrt neikvæðni varðandi verkefnið vegna halla á framlögum til sveitafélaga. Hvað getum við gert í SHÍ til að pressa á að þetta gangi í gegn, ekki bíðasvara? Þorbjörn: Ef það verður skipaður samgönguhópur sem færi í þárannsóknarvinnu, hvað margir nota strætó (eins og gert var síðastliðið vor) fáupplýsingar. Einungis 700 manns tóku strætó þá við HÍ á dag. Sláandi litlartölur segir Hildur. Bergþóra: Fyrst þarf að kanna hverjir fá frítt í strætó, spurningin er mjög mikið hverjir gátu ekki nýtt sér þetta? Hve margir eru það sem ekki fengu strætókort miðað við fyrri reglur? María: ef við höfum tölunayfir það hverjir geta ekki nýtt sér þjónustuna nú en myndu nýta sér hana ef kröfur okkar yrðu samþykktar þá gætum við farið með haldbær rök og krafist þessað þeir aðilar fengu einnig frítt í strætó. Bergþóra tekur undir. Þorbjörntalar um að þau sendu bréf í fyrra til sveitarfélaga. Krefjast þess að sveitafélög geri nemendum kleift að vera hérna áfram. Haukur: þetta erfjáhagslegur ávinningur, setja dæmið þannig upp, ef þetta er samfélagslegt. Hildur, umhverfishópur og samgönguhópur 3 og 3 og fari í þetta skipulag sem fyrst.

b. Gjaldskylda í bílastæði við HÍ, það er búið að ákveða í Háskólaráði gjaldskyldu við Skeifuna og Gimli. Ingjaldur viðurkenndi fyrir Hildi og Ingólfi að þetta væri einungis fyrsta skrefið. Stúdentaráð mun fara afstað með undirskriftasöfnun í samstarfi hagsmunanefndar, samgönguhóps og umhverfisnefndar. Þurfum að búa til vinnuþlagg með okkar kröfum. Hvernig á sú undirskriftarsöfnun að fara fram spyr Haukur og fleiri, handskrifað, facebook og fleiri möguleikar. Guðmundur spyr er þetta nóg og það besta sem hægt er að gera? Arnþór spyr hversu mikið aðrir sem ekki koma á bíl eru tilbúnir að leggja á sig í samstarfi í þessu verkefni. Ingjaldur talaði eins og það yrði ekkihlustað á okkur nemendur. Þórunn segir að við gætum gert meira. María segir að við ættum að hittast nefndirnar og koma með aðgerðaráætlun. Þetta var samþykkt í fyrra hvað getum við gert mikið núna? Haukur talar um að það ætti þá að gerast fyrir stöðumælaláni hjá LÍN. Hildur

segir að þau 150 bílastæði sem verðagjaldskyld í skeifunni og Gimli séu ætluð til að bæta aðgengi aðþjónustueiningum. En Sigurður segir að sá rökstuðningur gæti ekki virkað á öllbílastæði. Arnþór spyr hvort tekjur af bílastæðunum renni til Háskólans, oghvort hér sé ekki bara um skólagjöld í dulargervi að ræða. Bergþóra segir aðþau séu á móti stöðumælum, en hafað rætt málið með skeifuna. Engin gjaldskyldaáfram en verðum að hafa í huga að ef þessi gjaldskylda verður að veruleika þáverðum við að fá tekjurnar inn til Háskólans. Líka fyrir utan Gimli segirIngólfur, ekki búið að samþykkja að HÍ fái eitthvað af fjármagninu, ef þaðverður eitthvað þá er möguleiki á að það séu í mesta lagi 1,2 milljónir króna áári sem er fارانlegt. Þórunn segir að þetta sé samt meira þjónstutengt, ekkisurning um peninga. Ólíklegt að við getum snúið þessari ákvörðun við en viðættum að krefjast þess í versta falli að færri stæði verði þá tekin undirgjaldskyldu. Jóhann segir að við séum í betri samningsstöðu varðandi annaðárferði. María talar um einokunarstöðu bóksölnunnar, og hversu sanngjarnt væriað bæta aðstöðu, við erum jú stærsti viðskiptahópurinn. Bergþóra sammála um aðfara í skoðun á verðlagi og einokunarstöðu, fara í samkeppni við FS. Hildursegir að stúdentar eigi FS og við höfum þar mikið að segja, en viðstúdentar eigum 3 af 5 fulltrúum í stjórn FS. Hildur vísar málinu tilsamgönguhóps.

7. Næsta mál á dagskrá er student.is. Hildur vill virkjaStúdentaráðsliða til að skrifa reglulega í dagbók ráðsins á student.is.

8. Vinnudagur SHÍ, báðar fylkingar leggjafram punkta og kröfur varðandi alþingiskosningarnar og hvað við höfum í hendiokkar. Bergþóra segir að frekar eigi búa til einhverskonar aðgerðaráætlun fyrirallt árið líka. María segir að nefndirnar komi með aðgerðaráætlanir fyrir árið.Hildur segir að þessi vinnudagur tengist beint hvaða mál við viljum keyra ígegn fyrir alþingiskosningar. Tímasetning fyrir vinnudag ákveðin - kl 17,miðvikudaginn 25. febrúar. Mæting á skrifstofu SHÍ, líklega verður fyrirkomulagdagsins einhvers konara vinnustöðvar þar sem þátttakendur geta velt fram sínumhugmyndum og tillögum.

9. Önnur mál: Bókanir frá Röskvu.

a. Menntamál að kosningamáli: Þegar að krafaíslendinga um nýja ríkisstjórn og kosningar til Alþingis náði fram að ganga varbrotið blað í sögu Íslands sem lýðræðis. Röskva telur að stúdentar eigi að veraí fararbroddi þessarar lýðræðisbyltingar og taka virkan þátt í því að komamenntamálum að sem kosningarmáli. Því vill Röskva að SHÍ byrji strax að vinnaí herferð sem miðar að því að virkja háskólanema og koma menntamálum að ístefnuskrám flokkanna og í samfélagsumræðuna fyrir Alþingiskosningarnar í vor.

FulltrúarVöku taka vel í bókunina og segja meirihluta SHÍ þegar hafa ákveðið, líkt ogfram kom fyrr á fundinum, að standa að vinnudegi næsta miðvikudag þar semfjallað verður um ofangreint efni og mögulegar aðgerðir.

b. Rafrænar kosningar. Röskva vill að nauðsynlegundirbúningsvinna fyrir rafrænar kosningar hefjist umsvifalaust og aðStúdentaráð kjósi í kjölfarið fljótlega aftur um rafrænar kosningar. Röskvatelur það vera mikið jafnréttismál að rafrænar kosningar til Stúdenta - ogHáskólaráðs verði árið 2010 og harmar að

ekki náðist sátt um rafrænar kosningarfyrir síðustu kosningar. Til að tryggja að sagan endurtaki sig ekki vill Röskaþví ítreka að nauðsynlegt sé að byrja þessa vinnu í samstarfi við Reiknistofnun Háskóla Íslands sem fyrst.

Fulltrúar Vöku taka vel í bókunina og segja meirihluta SHÍ þegar hafa rætt mikið um þá vinnu sem framundan ervarðandi rafrænar kosningar til Stúdentaráðs. Ákveðið er að jafnréttisnefnd ísamstarfi við hagsmunanefnd (og jafnvel atvinnulífsnefnd) taki að sérverkefnið.

c. Skref afturábak í hagsmunabaráttu stúdenta? Röska gerir sér grein fyrir að meirihluti Stúdentaráðshefur ákvarðanavaldið þegar kemur að stöðugildum á skrifstofunni. Engu að síðurvill Röska að það komi skýrt fram að við teljum það vera afglöp að breytastöðugildi hagsmunafulltrúa aftur til baka í stöðugildilánasjóðsfulltrúa. Ástæðurnar fyrir þeirri afstöðu eru eftirfarandi:

1. Stöðugildilánasjóðsfulltrúa var breytt í stöðugildi hagsmunafulltrúa þegar að Röska varí meirihluta m.a. af því að staða lánasjóðsfulltrúa er ekki 50% staða. Í stað þess að vera með stöðu þar sem viðkomandi þarf að „skapa sér störf“ er hægt að vera með stöðu þar sem hlutverkið er skýrt og afmarkað og viðkomandi hefur meira en nóg fyrir stafni.

2. Reynslan af starfihagsmunafulltrúa er góð en hagsmunafulltrúi hafði meira en nóg á sinni könnusíðastliðið ár við að verja hagsmuni stúdenta. Aldrei hefur réttindaskrifstofastúdentaráðs verið virkari og öflugri en síðastliðið ár. Röska er mótfallin því að taka það sem hún telur vera skref afturábak í réttindabaráttu fyrirstúdentu. Sérstaklega í ljósi þess að Vaka lýsti því yfir að réttindaskrifstofa SHÍ hefði ekki verið nægilega virk þegar þar var starfandi lánasjóðsfulltrúi.

3. Röska er sammála því að aldrei hefur verið mikilvægara en nú að leggja ríka áherslu á lánasjóðsmál. Röska telur hinsvegar að sú áhersla eigi að liggja í því að byrja umsvifalaust að undirbúa komandi lánasjóðssamninga. Því væri það hagsmunum stúdenta til dæmis í hag að halda núverandi fulltrúa SHÍ innan LÍN þar sem hann væri í þeirri ótrúlegu stöðu að vera reynslumesti stjórnarmaður LÍN.

4. Reynslan hefur sýnt að flestir stúdentar leita beint til LÍN með fyrirspurnir varðandi námslán. Þar er hópur ráðgjafa sem vinna við að veita stúdentum lánasjóðsráðgjöf. Hvergi er hinsvegar starfandi einstaklingar sem vinna einungis að því að verja réttindistúdenta. Röska er hinsvegar sammála því að það sé nauðsynlegt að stúdentargeti fengið aðstoð með fyrirspurnir varðandi námslán frá aðila sem er einnig stúdent. Því væri hægt að setja það sem eitt af hæfnikröfunum fyrir umsækjendur fyrir hagsmunafulltrúa að þeir hefðu viðamikla þekkingu á lánasjóðsmálum.

Vaka telur ótímabært að svara bókuninni þar sem enn á eftir að ráða tvo starfsmenn á skrifstofu SHÍ. Þegar ráðningum er lokið getur meirihlutinn ákveðið verkaskiptingu skrifstofunnar og svarað framangreindum áhyggjum minnihlutans. Hildur boðar því gagnbókun á næsta fundi.

Fundi slitið.

Stúdentaráðsfundur 13. febrúar 2009 kl. 13:00

Viðstaddir fundarmenn:

Björg Magnúsdóttir, Röskvu. Pétur Markan, Röskvu. Haukur Hólmsteinsson, Röskvu. Þorleifur Örn Gunnarsson, Röskvu. Þórunn Elísabet Bogadóttir, Röskvu. Sigurlaug María Hreinsdóttir, Röskvu. Bergþóra Snæbjörnsdóttir, Röskvu. Hrönn Guðmundsdóttir, Röskvu. Bergþóra Benediktsdóttir, Röskvu. Gabríela Unnur Kristjánsdóttir, Röskvu. Sigurður Kári Árnason, Röskvu.

Kristján Freyr Kristjánsson, Vöku. María Finnsdóttir, Vöku (ritari fundargerðar). Ingólfur B. Sigurgeirsson, Vöku. Atli Bjarnason, Vöku. Fjóla Einarsdóttir, Vöku. Sigrún Ingibjörg Gísladóttir, Vöku. Gunnar Skúlason, Vöku. Arnþór Gíslason, Vöku. Jóhann Már Helgason, Vöku. Ólafur Páll Vignisson, Vöku. Jens Fjalar Skaptason, Vöku. Inga lára Björnsdóttir, Vöku. Hildur Björnsdóttir, Vöku. Rakel Eva Sævarsdóttir, Vöku. Þorsteinn V. Einarsson, Vöku.

Dagskrá

1. Nýtt stúdentaráð tekur sér sæti og eldri stúdentaráðsliðar víkja.
2. Fráfarandi formaður stjórnar kosningum nýs formanns SHÍ fyrir árið 2009-2010.
3. Nýr formaður stjórnar kjöri fulltrúa í stjórn SHÍ.
4. Nýr formaður dreifir dagskrá fundar til nýrra stúdentaráðsliða.

Fundur settur kl 13:10

1. Björg hefur fundinn á því að óska Vöku til hamingju með sigurinn og þakkar fyrir gott samstarf. Hún slítur sitjandi Stúdentaráði en situr áfram til að stýra kjöri nýs formanns.
2. Nýtt stúdentaráð tekur sæti. Björg óskar eftir tilnefningu nýsformanns. Ingólfur tilnefnir Hildi Björnsdóttur fyrir hönd Vöku. Meirihluti kýs Hildi Björnsdóttur. Minnihluti situr hjá. Hildur Björnsdóttir er því nýrformaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Stúdentaráð þakkar Björgu Magnúsdóttur fyrir velunnin störf og gott samstarf.
3. Nýr formaður stjórnar kjöri til stjórnar SHÍ.

Hildur biður um tilnefningu til varaformanns stúdentaráðs. Jóhann Már tilnefnir Ingólf Birgi Sigurgeirsson sem varaformann SHÍ. Hann er kjörinn varaformaður stúdentaráðs einróma.

Hildur biður um tilnefningu til ritara Stúdentaráðs. María tilnefnir Aðalbjörgu Ósk Gunnarsdóttur. Hún er einróma kjörin ritari Stúdentaráðs.

Hildur biður um tilnefningu til gjaldkerastúdentaráðs. Bergþóra, oddviti Röskvu tilnefnir Þórunni Elísabetu Bogadóttur í gjaldkera Stúdentaráðs. Hún er einróma kjörin.

Hildur biður um tilnefningu meðstjórnandafrá Vöku. Atli Bjarnasontilnefnir Maríu Finnsdóttur. Hún er einróma kjörin.

Hildur biður um tilnefningu meðstjórnandafrá Röskvu. Þórunntilnefnir Bergþóru Snæbjörnsdóttur sem meðstjórnanda. Hún er einróma kjörin.

Hildur biður um aðra tilnefningu meðstjórnanda. Þórunntilnefnir Þorleif Örn Gunnarsson sem meðstjórnanda. Hann er einróma kjörinn.

Hildur biður um tilnefningu varamanna, 2 frá hvorri fylkingu. Jens FjalarSkaptason og Inga lára Björnsdóttir eru varamenn fyrir hönd Vöku. Sigurður Kári Árnason og Bergþóra Benediktsdóttir eru varamenn fyrir hönd Röskvu.

4. Hildur Björnsdóttir dreifir dagskrá fundarins.

Dagskrá

1. Kynningardagur Háskóla Íslands. Skipulagning komin skammt á veg og Hildur ætlar að hafa samband við Bergþóru oddvita Röskvu varðandi framhald og setu stúdentaráðsliða á þeim degi.
2. Önnur mál er varða ráðningu framkvæmdastjóra og nokkurra fulltrúa SHÍ verða tekin upp á stjórnarfundum að loknum þessum fyrsta fundi.
3. Ákveðið að skipa lagabreytingarnefnd á næsta Stúdentaráðsfundi.
4. Sameining Kennaraháskólans og Háskóla Íslands rædd, Hildur vill skipa 6 manna ráð. Haukur talar um að Guðmundur Rúnar sé tilvalinn í þann hóp og öll tilbúin að vera með í áframhaldandi vinnu.

Fundi slitið kl 13:25.